



2023

FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Eitt meginmarkmiða Seðlabanka Íslands er að stuðla að traustri og öruggri fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) fylgist með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur og samþykktir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Markmið eftirlits með fjármálastarfsemi er að stuðla að traustum og öruggum fjármálamarkaði og draga úr líkum á að starfsemi eftirlitsskyldra aðila leiði til tjóns fyrir almenning.

Tilgangur ritsins um fjármálaeftirlit er:

- að skýra frá því hvernig fjármálaeftirlitið vinnur að þeim verkefnum sem því eru falin í lögum og hvernig stefnu og verkáætlun fjármálaeftirlitsins var fylgt eftir á næstliðnu ári;
- að upplýsa um helstu áherslur í verkáætlun ársins;
- að greina frá nýlegum og væntanlegum breytingum á réttarheimildum fjármálamarkaðarins.

Með útgáfu ritsins leitast Seðlabankinn við að tryggja viðeigandi gagnsæi um störf og áherslur fjármálaeftirlitsins og stuðla að upplýstri umræðu um fjármálakerfið.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegji 1, 101 Reykjavík, 569 9600, sedlabanki@sedlabanki.is, www.sedlabanki.is

3. rit. 3. mars 2023 ISSN 2772-0802, vefrit

Öllum er frjálst að nota efni úr *Fjármálaeftirliti* en þess er óskað að getið sé heimildar.

Efnisyfirlit

I	Starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands	5
	Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum	5
	Eftirlit með vátryggingastarfsemi	11
	Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar	12
	Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda	14
	Eftirlit með verðbréfamarkaði	16
	Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða	18
	Eftirlit með aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka	20
II	Helstu áherslur í verkáætlun 2023	23
	Áherslur 2023	23
III	Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar	25
	Lagabreytingar á árinu 2022	25
	Setning reglna og leiðbeinandi tilmæla á árinu 2022	25
	Væntanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði	27
	Rammagreinar	
	1 Kjarnareglur Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit um árangursríkt bankaeftirlit	8
	2 Vettvangsathuganir	10
	3 Hæfismat og virkir eignarhlutir	13
	4 Starfsleyfi og önnur leyfismál	19
	5 Viðurlagamál	22
	Viðaukar	31
	1 Fjöldi aðila undir eftirliti við árslok 2022	31
	2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi við árslok 2022	32

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

Starfsemi fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands

I

Í þessum kafla er skýrt frá því hvernig fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framfylgdi stefnu sinni og verkáætlun á árinu 2022 með reglubundnu eftirliti og öðrum athugunum. Þá er jafnframt greint frá lykilstærðum fjármálakerfisins sem varða markmið um traustan og öruggan rekstur eftirlitsskyldra aðila.

Eftirlit með fjármálafyrirtækjum, rafeyrisfyrirtækjum og greiðslustofnunum

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fjármálafyrirtækjum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins og hins vegar sértækar athuganir sem taka mið af áhættumati og aðstæðum hverju sinni. Megináhersla í eftirliti með fjármálafyrirtækjum er að þau búi við sterka eiginfjár- og lausafjárstöðu til að tryggja fjárhagslegan styrk þeirra til að mæta óvæntum áföllum.

Í lok árs 2022 var 21 fjármálafyrirtæki undir eftirliti fjármálaeftirlitsins, þar af fjórir viðskiptabankar, fimm sparisjóðir, fjögur lánaþyrirtæki og átta verðbréfaþyrirtæki. Einnig voru tvö rafeyrisfyrirtæki, sbr. lög nr. 17/2013, um útgáfu og meðferð rafeyris, og ein greiðslustofnun, sbr. lög nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu, undir eftirliti fjármálaeftirlitsins.

Þrjú viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar af fjármálastöðugleikanevnd Seðlabankans, en eignir þeirra þriggja eru samanlagðar um 90% af eignum lánastofnana. Eftirlit með kerfislega

mikilvægum bönkum er umfangsmikið verkefni. Það felur í sér reglulega og kerfisbundna yfirferð á gögnum og upplýsingum um stöðu bankanna, en einnig eru framkvæmdar sértækar athuganir og greiningar ásamt því sem viðtöl eru tekin við tiltekna stjórnendur og aðra lykilstarfsmenn þeirra og ytri endurskoðendur. Fylgst er með þróun lykilahættumælikvarða í rekstri bankanna og mat lagt á sjálfbærni og lífvænleika viðskiptaáætlana og stjórnarhætti og innra eftirlitskerfi þeirra. Þá eru margvíslegir áhættuþættir í rekstri þeirra teknir til skoðunar og bæði rýndir með kerfisbundnum hætti og tíðar ef ástæða þykir til.

Könnunar- og matsferli fjármálafyrirtækja

Árlega framkvæmir fjármálaeftirlitið ítarlegt könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) hjá viðskiptabönkunum fjórum. Í ferlinu er meðal annars lagt mat á lífvænleika og sjálfbærni viðskiptaáætlunar, stjórnarhætti og innra eftirlit, útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum](#), sem byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni. Jafnframt er hliðsjón höfð af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um að hve miklu leyti þær áhættumildandi ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfsemi. Ferlið felur jafnframt í sér að fjármálaeftirlitið

leggur mat á og ákveður viðbótareiginfjárförf banka (stoð II-R) sem segir til um það eigið fé sem nauðsynlegt er að hlutaðeigandi banki hafi tiltækt, til viðbótar við lágmarkskröfu um eigið fé (stoð I), vegna áhættu sem hann stendur frammi fyrir eða gæti mætt.

Hjá áhrifaminni fjármálafyrirtækjum fer könnunar- og matsferli sjaldnar fram en hjá kerfislega mikilvægum bönkum, þ.e. að jafnaði annað til þriðja hvert ár nema aðstæður kalli á aukna tíðni. Þess á milli fer fram umfangsminna árlegt áhættumat fyrir þessi áhrifaminni fjármálafyrirtæki. Er þetta í samræmi við það grundvallarsjónarmið í áhættumiðuðu eftirliti að eftirlit sé umfangsmeira með fyrirtækjum sem geta ógnað fjármálastöðugleika eða valdið stórum hópi viðskiptavina miklu tjóni.

Í mars 2022 birti EBA á heimasíðu sinni endurskoðaðar viðmiðunarreglur um könnunar- og matsferli sem tóku gildi þann 1. janúar 2023. Þótt viðmiðunarreglunum sé beint til lögbærra yfirvalda á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og ætlað að stuðla að samkvæmni og samræmdri aðferðafræði í könnunar- og matsferli ættu fjármálafyrirtæki að taka mið af þeim og undirbúa sig til samræmis við breytingar á viðmiðunarreglunum.

Á síðastliðnum árum hefur verið lögð aukin áhersla á Evrópuvettvangi á að styrkja eftirlit með aðgerðum gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka á fjármálamarkaði. Þær áherslur skila sér í áðurnefndum endurskoðuðum viðmiðunarreglum EBA um könnunar- og matsferli, þ.e. nú er búið að fella að fullu inn í mat á öllum áhættuþáttum hvernig taka eigi tillit til áhættu vegna ófullnægjandi aðgerða fjármálafyrirtækja gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka í ferlinu.

Eftirlit með viðskiptalíkönum, útlánaáhættu og rekstraráhættu

Viðskiptalíkön

Hluti af reglubundnu eftirliti fjármálaeftirlitsins er að leggja mat á viðskiptastefnu, viðskiptalíkan og rekstrar-áætlun til þriggja ára hið minnsta. Auk hefðbundinnar yfirferðar á árinu 2022 var horft til þess hvort breytingar í laga-, tækni- og samkeppnisumhverfi gætu verið ógn við lífvænleika viðskiptalíkans og sjálfbærni viðskiptastefnu. Þá var áfram lagt mat á hvort bein eða óbein áhrif vegna heimsfaraldurs COVID-19 gætu haft áhrif á viðskiptalíkön íslensku bankanna.

Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír eru fjárhagslega sterkir og fjölþætt starfsemi þeirra stuðlar að áhættudreifingu í rekstri. Viðskiptalíkön bankanna hafa þróast á undanförunum árum og hafa bankarnir þrír m.a. aukið nokkuð hlutdeild sína á íbúðalánamark-

aði. Hjá kerfislega mikilvægum bönkum eru lán til einstaklinga nú meiri en til fyrirtækja og samhliða hefur verðtryggingarójöfnuður, sem áður einkenndi efnahag sumra íslenskra banka, nánast horfið. Fyrirtæki sækja í auknum mæli lánsfé á verðbréfamarkað og bankarnir hafa selt afmörkuð lán til sjóða og annarra fjárfesta. Þá er váttryggingastarfsemi orðin hluti af samstæðu tveggja íslenskra banka.

Þótt beinna áhrifa af heimsfaraldrinum á eignasafn íslenskra banka gæti nú aðeins í mjög litlum mæli er staða sumra viðskiptavina, svo sem aðila tengdum ferðapjónustu, veikari en fyrir heimsfaraldurinn. Þá er óvíst hvaða áhrif breytt efnahagsumhverfi og önnur óbein áhrif af innrás Rússa í Úkraínu munu hafa á fjárhagslega stöðu þeirra. Fyrir bankana eru fjárhagsleg áhrif að vissu marki enn óviss en ólíklegt er að þau hafi ein og sér afgerandi áhrif á lífvænleika viðskiptalíkana bankanna.

Tækni- og lagabreytingar fjármálafyrirtækja og lagaumgjörð hafa tekið miklum breytingum síðustu ár og hafa tækni- og lagabreytingar aukið skilvirkni í bankastarfsemi. Samhliða tækninýjungum hafa nýir aðilar haslað sér völl, til að mynda í greiðslumiðlun og neytendalánunum, og nýr sparisjóður, indó sparisjóður hf., fékk starfsleyfi á árinu. Samkeppni á afmörkuðum sviðum bankarekstrar hefur þannig aukist.

Á síðustu árum hafa bankar og önnur fjármálafyrirtæki fjárfest í nýjum og hagkvæmari grunnkerfum. Þetta hefur gert fyrirtækjunum og markaðnum í heild auðveldara um vik að takast á við breytingar sem fylgja til dæmis tækni- og lagabreytingum á borð við nýlegar breytingar á löggjöf um greiðsluþjónustu og breytingar á greiðslumarkaði (PSD2). Töluverð hagræðing hefur átt sér stað í bankakerfinu á liðnum áratug þar sem tækni- og sjálfsafgreiðslulausnir hafa rutt braut hagræðingar til framtíðar og samhliða bætt þjónustu við viðskiptavinum. Íslenskir bankar eru almennt í góðri stöðu til að takast á við enn frekari breytingar í umhverfi sínu þótt fjárfesting í nýjum lausnum og breytingum sé hlutfallslega kostnaðarsamari fyrir minni fjármálafyrirtæki. Breytingar í tækni- og lagaumhverfi eru þannig ekki taldar vera ógn við viðskiptalíkön eða viðskiptastefnu íslenskra banka.

Eigið fé viðskiptabankanna fjögurra er hátt í alþjóðlegum samanburði og lausafjárhlutföll eru sterk. Innlán eru áfram meginuppistaða fjármögnunar þó að unnið hafi verið að því markvisst á undanförunum árum að auka breidd fjármögnunar. Viðskiptalíkön íslenskra banka eru almennt metin viðunandi þrátt fyrir breytingar í ytra umhverfi, svo sem laga-, tækni- og samkeppnisumhverfi.

Rekstraráhætta

Á liðnu ári var áfram lögð áhersla á rekstraráhættu við áhættumat á fjármálamarkaði og sérstaklega horft á net- og upplýsingatækniahættu í samræmi við áherslur fjármálaeftirlitsins.

Að beiðni fjármálaeftirlitsins framkvæmdu bankarnir áhrifamat á árinu vegna mögulegs rofs á netsambandi við útlönd með það að markmiði að koma auga á til hvaða ráðstafana þurfi að grípa ef slíkar aðstæður skapast. Til að bregðast við ef slíkt gerist hefur verið komið á fót varaleið í gegnum gervihnött og mun fjármálaeftirlitið taka mið af því við heildarmat á áhættu í fjármálakerfinu.

Nýjar viðmiðunarreglur EBA varðandi stjórnun áhættu vegna upplýsinga- og samskiptatækni (ICT) og öryggisáhættu voru innleiddar á árinu 2022. Þeim er ætlað að styðja enn frekar við varnir gegn netógnum og gæði upplýsingatæknirekstrar.

Á árinu 2021 tóku ný lög um greiðsluþjónustu gildi sem innleiddu tilskipun (ESB) 2015/2366 (PSD2). Löggjöfin hefur leitt til umfangsmikillar innleiðingarvinnu hjá greiðsluþjónustuveitendum reikningsþjónustu (innlánastofnunum) við uppsetningu netskilflata og breytingar á kerfum. Eftirlit með þessu verkefni hefur verið sett í sérstakan forgang og eru prófanir þegar hafnar.

Útlánaáhætta

Eftirlit með útlánaáhættu hefur á síðustu árum fengið aukið vægi, m.a. vegna umfangs greiðsluúrræða í tengslum við heimsfaraldurinn. Í flestum tilfellum hafa útlán þeirra sem þegið hafa greiðsluúrræði verið skilgreind með ívilnun (e. forbearance) og í skilum. Hlutfall útlána með ívilnun hefur farið lækkandi og búast má við að það haldi áfram að lækka þegar lágmarkstími og önnur skilyrði um endurflokkun hafa verið uppfyllt. Vanskilahlutföll hafa lækkað og eru lág í sögulegu samhengi.

Regluverk og umgjörð í tengslum við vanefndalán hafa á síðustu árum verið styrkt verulega í framhaldi af ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að ráðast í sérstakt átak til að bregðast við uppsöfnuðum vanda á þessu sviði í Evrópu. Mikilvægt er að bankar tileinki sér breytt regluverk og fylgi viðmiðunarreglum á þessu sviði. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á að umgjörð lánastofnana sé fullnægjandi og styðji við að tímanlega séu borin kennsl á áhættu, þ.m.t. í tengslum við umsjón og skráningu vanskila og ívilnunar, og að tryggilega sé staðið að mati á virðisrýmun útlána.

Lítið er um beinar áhættuskuldbindingar íslenskra lánastofnana til Úkraínu eða Rússlands. Mikilvægt er

að lánastofnanir vakti áhrif hækkandi verðbólgu- og vaxtastigs á gæði útlána og leggi mat á hvaða áhrif hækkun þessara þátta hefur á greiðslugetu einstaklinga og fyrirtækja. Að sama skapi þurfa varúðarkröfur og reikningssskil vegna útlánaáhættu að endurspegla áhættuna, bæði til skemmri og lengri tíma.

Vettvangsathuganir

Á árinu 2022 var áfram lögð áhersla á vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu hjá fjármálafyrirtækjum. Gerðar voru vettvangsathuganir hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur sem fólust í því að leggja mat á verklag við útfyllingu á afmörkuðum hluta eiginfjárskýrslu (COREP) og hvort verklagið fullnægði kröfum sem til þess væru gerðar. Þá lauk á árinu útlánaskoðunum hjá Sparisjóði Austurlands hf., Sparisjóði Höfðhverfinga ses., Sparisjóði Strandamanna ses. og Sparisjóði Suðurlandspingeyinga ses. þar sem markmiðið var að yfirfara útlánaferli sparisjóðanna og bókfært virði lánafyrirgreiðslu valinna lántakenda í úrtaki með hliðsjón af þeim aðferðum sem beitt hafði verið við mat á virði þeirra.

Fleiri vettvangsathuganir sem tengjast útlánaáhættu fóru fram á árinu 2022 og var hluta af þeim ólokið í árslok. Gerðar voru athuganir hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur er vörðuðu veðsetningar- og greiðslubyrðarhlutföll fasteignalána til neytenda. Athuganirnar fólu í sér að leggja mat á verklag og ferla við veitingu lánanna auk þess að sannreyna með úrtaksskoðun hlíttni við reglur Seðlabankans sem gilda um takmarkanir á slíkum lánnum. Þessum athugunum var ólokið hjá Arion banka hf. og Landsbankanum hf. í lok árs 2022. Þá voru gerðar vettvangsathuganir hjá kerfislega mikilvægu bönkunum þremur er fólust í því að kanna fyrirkomulag útvistunar. Athugun hjá Íslandsbanka hf. var ólokið í lok ársins.

Jafnframt voru gerðar athuganir vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá þremur fjármálafyrirtækjum, sem og öðrum eftirlitskyldum aðilum, á árinu 2022 (sjá nánari umfjöllun á bls. 20), auk vettvangsathugana á gæðum skýrslna vegna fjármálagerninga (TRS II) (sjá nánari umfjöllun á bls. 16).

Viðurlagamál og önnur mál

Í kjölfar athugunar fjármálaeftirlitsins á meintu broti Arion banka hf. á bankaleynd, sbr. ákvæði 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki, féllst bankinn á að ljúka málinu með samkomulagi um sátt í júlí 2022. Með samkomulaginu samþykkti bankinn að greiða sekt að fjárhæð 5,5 m.kr. til ríkissjóðs. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt á vefsíðu Seðlabankans í júlí 2022.

Kjarnareglur Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit um árangursríkt bankaeftirlit

Basel-nefndin um bankaeftirlit¹ gaf út endurskoðaðar kjarnareglur um árangursríkt bankaeftirlit (e. Core principles for effective banking supervision) árið 2012. Kjarnareglurnar voru upphaflega gefnar út árið 1997. Síðasta endurskoðun fyrir útgáfuna 2012 var árið 2006. Enn ein endurskoðun kjarnareglanna stendur nú yfir og fyrirhugað er að þær verði endurútgefnar árið 2023.

Einn tilgangur endurskoðunar kjarnareglanna árið 2012 var að draga lærdóm af fjármálakreppunni sem hófst 2007 með það að markmiði að endurskoðaðar reglur stuðluðu eins og kostur væri að fullnægjandi fjármálaeftirliti og heilbrigðara fjármálakerfi. Endurskoðaðar reglur samanstanda af 29 kjarnareglum samborið við 25 kjarnareglur í staðlinum frá árinu 2006.

Kjarnareglunum er skipt upp í tvo meginkafla. Annars vegar kafla sem leggur áherslu á stofnanaumgjörð, þ.e. valdheimildir, ábyrgð og framkvæmd eftirlits (e. Supervisory powers, responsibilities and functions) og hins vegar kafla sem leggur áherslu á laga- og regluumgjörð varðandi varúðarákvæði og varúðarkröfur sem gerðar eru til banka (e. Prudential regulations and requirements).

Kröfur Basel-reglnanna um árangursríkt bankaeftirlit lúta ekki eingöngu að því að uppfylla þau meginviðmið sem kveðið er á um í reglum. Í þeim felst jafnframt það skilyrði að til staðar séu fullnægjandi innviðir í því ríki þar sem viðkomandi bankaeftirlit starfar. Í einum inngangskafli reglnanna eru eftirfarandi innviðir, sem eru utan valdsviðs eftirlitsstjórnvaldsins, tilgreindir:

- Heilbrigð og sjálfbær efnahagsstefna
- Traust umgjörð varðandi fjármálastöðugleika

1. Basel Committee on Banking Supervision samanstendur af fulltrúum fjármála- og bankaeftirlita og seðlabanka 27 ríkja (þar af 10 Evrópuríkja) frá öllum heimsálfum.

- Próaðir opinberir innviðir
- Skýr umgjörð varðandi viðbragðsstjórnun, skila- og slitameðferð
- Viðeigandi stig kerfislegra varna eða opinbert öryggisnet
- Skilvirkt markaðsaðhald

Kjarnareglurnar eru notaðar af eftirlitsstjórnvöldum í einstökum ríkjum sem viðmið við mat á gæðum eftirlitskerfis og eftirlitsframkvæmdar, þ. á m. hér á landi. Þeim er einnig beitt af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) sem viðmiði við mat á sömu þáttum í tengslum við úttekt sjóðsins á fjármálageira einstakra ríkja, svokallaðri FSAP-úttekt (e. Financial Sector Assessment Programme).

Á fyrri hluta ársins 2013 óskaði fjármálaeftirlitið eftir því að AGS framkvæmdi úttekt á eftirfylgni þess við Basel-reglurnar og skyldi miða við 2012-útgáfu reglnanna. Á árinu 2014 framkvæmdi AGS þetta mat. Niðurstaða úttektarinnar var á þá leið að fjármálaeftirlitið uppfyllti rúmlega 55% kjarnareglanna að öllu eða verulegu leyti en að 45% kjarnareglna væru ekki uppfyllt að verulegu leyti. Í framhaldi af þessari niðurstöðu var ráðist í það viðamikla verkefni að bæta þau atriði sem talin voru ófullnægjandi.

Á árinu 2022 hóf AGS að frumkvæði Seðlabankans FSAP-úttekt á íslenska fjármálageiranum sem m.a. felur í sér mat á fylgni fjármálaeftirlitsins við Basel-reglurnar miðað við 2012-útgáfu reglnanna. Bráðabirgðaniðurstöður sem kynntar hafa verið Seðlabankanum benda til þess að fylgni við kjarnareglurnar hafi aukist umtalsvert þrátt fyrir auknar kröfur. Endanlegar niðurstöður munu liggja fyrir um mitt ár 2023.

Eftir athugun fjármálaeftirlitsins var komist að þeirri niðurstöðu í mars 2022 að SaltPay IIB hf. hefði brotið gegn skyldu sinni um að starfrækja innri endurskoðunardeild í félaginu á nánar tilteknu tímabili, sbr. 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Tilkynnt var um niðurstöðu málsins á vefsíðu Seðlabankans í júlí 2022.

Endurbótaáætlanir

Fjármálaeftirlitið lauk yfirferð á endurbótaáætlunum kerfislega mikilvægra banka og Kvikubanka hf. á árinu 2022. Þá var á árinu lokið yfirferð á einfölduðum endurbótaáætlunum fjögurra sparisjóða, Sparisjóðs Austurlands hf., Sparisjóðs Höfðhverfinga ses., Sparisjóðs Strandamanna ses. og Sparisjóðs Suðurþingeyinga ses., auk SaltPay IIB hf. Fjármálaeftirlitið

telur að endurbótaáætlanir fullnægi nú í flestum tilfellum formkröfum um efni og innihald sem til þeirra eru gerðar. Fjármálaeftirlitið hyggst því við næstu yfirferðir leggja meiri áherslu á dýpri greiningar á einstökum þáttum endurbótaáætlana sem og virkni þeirra sem stýritækja í starfsemi fjármálafyrirtækja.

Eiginfjár- og lausafjárkröfur

Í september 2021 ákvað fjármálastöðugleikanefnd að hækka gildi sveiflujöfnunarauka í 2% en gildi sveiflujöfnunaraukans var áður 0% af áhættugrunni vegna innlendra áhættuskuldbindinga. Að mati nefndarinnar hafði hratt hækkandi eignaverð samhliða aukinni skuldsetningu heimila þá þegar gert sveiflutengda kerfisáhættu að minnsta kosti jafnmikla og hún var fyrir útbreiðslu heimsfaraldursins. Nefndin taldi því ekki lengur þörf á því svigrúmi sem fjármálafyrirtækjum hafði verið veitt með afnámi sveiflujöfnunaraukans í mars 2020. Hækkun sveiflujöfnunaraukans tók gildi 29. september 2022.


Í júlí 2022 var birt niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankanum hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, til viðbótar við grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Samkvæmt ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn kerfislega mikilvægu bankanna á samstæðugrunni á bilinu 2,6%-3,5% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn þeirra er á bilinu 19,9%-20,7%.

Í desember 2022 var birt niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Kviku banka hf. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, til viðbótar við grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Samkvæmt ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn Kviku banka hf. 3,5% og heildarkrafa um eiginfjárgrunn er 17,9%.

Í nóvember 2022 var birt niðurstaða könnunar- og matsferlis hjá Sparisjóði Austurlands hf., Sparisjóði Höfðhverfinga ses., Sparisjóði Strandamanna ses. og Sparisjóði Suður-Þingeyinga ses. um viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn, til viðbótar við grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagða kröfu um eiginfjáruka. Samkvæmt ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar nemur viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn sparisjóðanna á bilinu 2,8%-5,5% og er heildarkrafa um eiginfjárgrunn þeirra á bilinu 18,3%-21%.

Lausafjárkröfur samkvæmt reglum nr. 266/2017, um lausafjárhlutfall lánastofnana, sem giltu þar til að nýjar reglur nr. 1520/2022 um sama efni leystu hinar eldri af hólmi 1. janúar 2023, voru 100% vegna lausafjárhlutfalls alls og í erlendum gjaldmiðlum og 40% vegna lausafjárhlutfalls í íslenskum krónum. Þá er


100% krafa vegna fjármögnunarhlutfalls, sbr. reglur nr. 750/2021, um hlutfall stöðugar fjármögnunar. Engar viðbótar lausafjár- eða fjármögnunarkröfur voru settar á innlánsstofnanir, en lausafjáreignir innlánsstofnana voru töluvert umfram lágmarkskröfur í árslok 2022 eða um 295 ma.kr.



Rekstrarafkoma kerfislega mikilvægra banka

Heildarafkoma kerfislega mikilvægra banka var ágæt á árinu 2022. Hagnaður eftir skatta nam 67 ma.kr. sem er töluvert lægri en árið á undan þar sem hagnaður var 81 ma.kr. Arðsemi eigin fjár var 10,6% að meðaltali árið 2022 samanborið við 12,6% árið 2021.

Afkoma af grunnrekstri var vel ásætlanleg og batnaði frá fyrra ári, en afkoma af fjármunaliðum var neikvæð auk þess sem jákvæð virðisbreyting útlána lækkaði töluvert á milli ára sem hafði nokkur áhrif á afkomuna.




Loftslagsmál

Umfangsmikið starf fer nú fram hjá EBA við samræmingu fjármálaeftirlits og loftslagsmála með það að markmiði að loftslagsbreytingar og aðgerðir til að bregðast við þeim stofni ekki stöðugleika fjármála kerfisins í hættu. Í undirbúningi eru auknar kröfur til fjármálafyrirtækja varðandi stjórnun áhættu vegna loftslagsbreytinga og gerð álagsprófa. Einnig munu fjármálafyrirtæki þurfa að upplýsa bæði markaðinn og fjármálaeftirlit betur um þá áhættu sem þau standa frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga. Því til viðbótar verður neytendavernd styrkt með nákvæmari skilgreiningu á sjálfbæru vöruframboði fjármálafyrirtækja. Seðlabankinn tekur þátt í þessu starfi með breytingum á áherslum sínum.

Rammagrein 2


Vettvangsathuganir

Vettvangsathuganir styðja við reglubundið eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og eru ein þeirra aðferða sem fjármálaeftirlitið beitir til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Markmið vettvangsathugana er meðal annars að kanna og meta undirliggjandi áhættuþætti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila ásamt því að leggja mat á stjórnarhætti og umgjörð innra eftirlits þeirra. Ákvarðanir um vettvangsathuganir eru byggðar á áhrifavægi eftirlitsskyldra aðila ásamt niðurstöðu áhættumats en jafnframt er tekið mið af stærð, starfsemi og áhættusniði eftirlitsskyldra aðila.



27 vettvangsathugunum lokið á árinu 2022

Fjármálaeftirlitið lauk 27 vettvangsathugunum á árinu 2022, samanborið við 24 á árinu 2021. Áfram var lögð áhersla á athuganir á aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningaþvætti og fjármögnum hryðjuverka, ásamt athugunum er tengdust útlánaáhættu, rekstraráhættu, stjórnarháttum og innra eftirliti í starfsemi eftirlitsskyldra aðila.



Evrópusamstarf

Samstarf við EBA hefur áhrif á reglubundið eftirlit með fyrirtækjum á fjármálamarkaði, en áherslur EBA endurspeglast m.a. í áherslum og verkáætlun fjármálaeftirlitsins. Þá er laga- og regluverk á bankamarkaði unnið á vettvangi EBA og fylgist fjármálaeftirlitið grannt með þeirri vinnu, meðal annars með þátttöku í vinnuhópum og nefndum stofnunarinnar.

Eftirlit með váttryggingastarfsemi

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með váttryggingafélögum sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunn-
eftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins, þar sem skilgreint er hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri félaganna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sér-
tækar athuganir eftir aðstæðum og áherslum fjármála-
eftirlitsins hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á
markaði eru greind og fylgst með að starfsleyfisskilyrði
séu uppfyllt, að starfshættir séu í samræmi við lög og
reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju
sinni. Þá hefur fjármálaeftirlitið einnig eftirlit með starf-
semi váttryggingamiðlara og viðskiptaháttaeftirlit með
erlendum váttryggingafélögum sem hafa leyfi til að
stunda viðskipti á Íslandi.

Í lok árs 2022 störfuðu fjögur skaðatrygginga-
félög og fjögur líftryggingafélög á grundvelli starfs-
leyfis sem veitt var af fjármálaeftirlitinu. Að auki var
eitt endurtryggingafélag sem vinnur að uppgjöri eldri
skuldbindinga og Náttúruhamfaratrygging Íslands
sem er ríkisstofnun og starfar á grundvelli sérlaga.
Níu váttryggingamiðlanir hafa starfsleyfi frá fjármála-
eftirlitinu og fjöldi váttryggingafélaga og váttrygginga-
miðlara á EES hefur tilkynnt um starfsemi hérlendis.

Reglubundið eftirlit

Á árinu 2022 var lögð áhersla á greiningu á viðskipta-
líkönunum, stjórnarháttum og rekstraráhættu við eftirlit á
váttryggingamarkaði.

Reglubundið eftirlit með váttryggingafélögum
snýr m.a. að gjaldþolsstöðu þeirra og getu til að mæta
fjárhagslegum skuldbindingum. Fjármálaeftirlitið fer
yfir reglubundin gagnaskil og tekur viðtöl við forstjóra,
ábyrgðaraðila lykilstarfssviða og ytri endurskoðanda
félaganna. Þá metur fjármálaeftirlitið árlega þá áhættu
sem snýr að rekstri váttryggingafélaga, í samræmi við
[Almenn viðmið og aðferðafræði vegna eftirlitsferlis
Fjármálaeftirlitsins með váttryggingafélögum](#). Samstarf
við Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofn-

unina (EIOPA) er stór hluti af starfi við reglubundið
eftirlit með váttryggingafélögum, en áherslur EIOPA
endurspeglast m.a. í verkáætlun fjármálaeftirlitsins auk
þess sem laga- og regluverk á váttryggingamarkaði er
unnið hjá EIOPA og er fylgst grannt með þeirri vinnu.

Vettvangsathuganir

Hluti af eftirliti með váttryggingafélögum er að leggja
mat á það hvort félögin fullnægi kröfum til váttrygginga-
skuldar. Í vettvangsathugunum hjá TM tryggingum hf.
og Váttryggingafélagi Íslands hf. var lagt mat á áreiðan-
leika upplýsinga og nálgun við mat váttryggingaskuldar
og aðferðir og ferli við ákvörðun hennar. Athuganirnar
fólu einnig í sér könnun á því hvernig tryggingastærð-
fræðingar stóðu að framkvæmd verkefna sinna hjá
félögum tveimur. Niðurstöður athugananna voru
birtar í apríl og júní 2022 á vefsíðu Seðlabankans.

Net- og upplýsingatækniáhætta er vaxandi
áhættuþáttur á fjármálamarkaði og mikilvægt er að
eftirlitsskyldir aðilar séu meðvitaðir um áhættuna,
meti hana og stýri með viðeigandi hætti. Athuganir
voru gerðar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., TM
tryggingum hf. og Váttryggingafélagi Íslands hf. þar
sem markmiðið var að fá yfirsýn yfir verklag og við-
búnað að því er varðar upplýsingatækni. Könnuð var
notkun á útivistunarþjónustu ásamt viðbúnaðarum-
gjörð en einnig var lagt mat á stefnur og skýrslugjöf
til stjórnar um rekstraráhættu vegna upplýsingatækni.
Niðurstöður athugunar hjá TM tryggingum hf. voru
birtar í maí 2022 á vefsíðu Seðlabankans. Athuguninni
hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf. var hins vegar
ólokið í lok árs 2022.

Á árinu voru einnig gerðar vettvangsathuganir
hjá TM tryggingum hf. og Váttryggingafélagi Íslands
hf. Í þeim var markmiðið að fá yfirsýn yfir verklag og
-ferla sem sneru að störfum framlínustarfsmanna við
sölu váttrygginga til einstaklinga og meta hvort virkt
eftirlit væri haft með störfum þeirra. Tekið var handa-
hófskennt úrtak váttryggingasamninga og samningar
sem gerðir voru í stærstu váttryggingaflokkum skoðaðir
nánar. Verklag og verkferlar voru kannaðir hjá framlínu-
starfsmönnum til að sannreyna að framkvæmdin væri
til samræmis við skjalaða vinnulýsingu. Jafnframt var
eftirlit stjórnenda með störfum þeirra kannað.

Sviðsmyndagreiningar vegna loftslagsáhættu

Samkvæmt 45. gr. laga nr. 100/2016, um váttrygginga-
starfsemi, skal framkvæmd eigin áhættu- og gjaldþols-
mats vera hluti af áhættustýringu váttryggingafélaga.
Við framkvæmd þess skal m.a. horfa til þeirrar áhættu
sem tengist starfsemi og gera félaginu með matinu

kleift að greina og meta með fullnægjandi hætti þá áhættuþætti sem geta orðið virkir til lengri eða skemmri tíma.

Áhætta vegna loftslagsbreytinga getur haft neikvæð áhrif á núverandi viðskiptalíkön, langtímaáhættusnið og gjaldþol váttryggingafélaga. Aukin tíðni öfga í veðurfari og aðrar náttúruhamfarir munu að óbreyttu hafa áhrif á váttryggingarvernd, iðgjaldasetningu, gildissvið váttrygginga og endurtryggingar. Váttryggingafélög standa því frammi fyrir langtímaáskorunum sem tengjast mögulegum áhrifum loftslagsbreytinga.

Með hliðsjón af þessu sendi fjármálaeftirlitið dreifibréf til váttryggingafélaga á árinu þar sem vakin var athygli á því að EIOPA hefði gefið út leiðbeiningar varðandi framkvæmd áhættumats í tengslum við loftslagsbreytingar og sviðsmyndagreiningar þar að lútandi í eigin áhættumati. Váttryggingafélög mega vænta þess að fjármálaeftirlitið muni beina athygli sinni að þessum þáttum áhættustýringar í auknum mæli á næstu árum.

Upplýsingatækni og fleira

Vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitskyldra aðila ber öllum eftirlitskyldum aðilum að skila úttekt óháðs aðila á fylgni þeirra við leiðbeinandi til-mæli nr. 1/2019. Á árinu 2022 skiluðu váttryggingafélög og váttryggingamiðlanir framangreindri úttekt og kom fjármálaeftirlitið ábendingum og athugasemdum á framfæri við félögin og miðlarana eftir atvikum.

Á árinu var nokkuð um eftirfylgni vegna athugana ársins 2021 þar sem m.a. starfsemi lykilstarfsviða hafði verið skoðuð með hliðsjón af skilyrðum laga og reglugerðar, þ. á m. regluvarsla og áhættustýring. Einnig hefur verið unnið að því að tryggja gæði gagna í reglulegum gagnaskilum.

Í tengslum við innrás Rússa í Úkraínu voru möguleg áhrif á váttryggingafélög kortlögð með hliðsjón af gildissviði váttrygginga auk þess sem gerð var sviðsmyndagreining vegna rekstrarsamfellu og áhrifa á grunnrekstur komi til þess að netsamband við útlönd rofni.

Umsvif erlendra váttryggingafélaga

Váttryggingafélögum með höfuðstöðvar í öðrum ríkjum innan EES er heimilt að selja váttryggingar og endurtryggingar hér á landi í gegnum útibú eða án starfsstöðvar. Töluverður fjöldi váttryggingafélaga hefur tilkynnt um veitingu þjónustu á Íslandi án starfsstöðvar. Stærsti hluti þeirra iðgjalda sem greidd eru erlendum váttryggingafélögum er vegna kaupa á erlendum lífeyristryggingum og öðrum líf- og heilsutryggingum. Upplýsinga um sölu váttryggingafélaga með starfsleyfi

í öðrum ríkjum EES á Íslandi er aflað í gegnum EIOPA. Bókfærð iðgjöld erlendra váttryggingafélaga á árinu 2021 námu 23,2 ma.kr. samanborið við 23,5 ma.kr. árið 2020. Tölur vegna ársins 2022 liggja enn ekki fyrir. Hluti af bókfærðum iðgjöldum erlendra váttryggingafélaga er vegna erlendra líftryggingafélaga sem bjóða viðbótartryggingavernd á grundvelli 8. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Annars vegar er um að ræða reglulegt eftirlit í samræmi við grunneftirlitslíkan fjármálaeftirlitsins en þar er skilgreint hversu oft helstu áhættuþættir í rekstri lífeyrissjóðanna eru teknir til athugunar. Hins vegar er um að ræða sér-tækar athuganir eftir aðstæðum og tilefni hverju sinni. Helstu áhættuþættir og þróun á markaði eru greind og fylgst náið með að starfsleyfisskilyrði séu uppfyllt og að starfshættir séu í samræmi við lög og reglur og að gripið sé til viðeigandi ráðstafana hverju sinni. Þá er eigið áhættumat lífeyrissjóða tekið til skoðunar og viðtöl tekin við tiltekna lykilstarfsmenn.

Á árinu 2022 var starfandi 21 lífeyrissjóður sem veitti móttöku lögbundnu iðgjaldi samtryggingardeilda og buðu 13 þeirra valfrjálstan séreignarsparnað. Þá voru starfandi sjö aðrir vörsluaðilar séreignarsparnaðar með samtals 30 deildir en það eru Arion banki hf., Íslandsbanki hf., Kvika banki hf., Landsbankinn hf., Lífsval (séreignarsparnaður fjögurra sparissjóða) auk tveggja erlendra váttryggingafélaga sem buðu séreignarsparnað í sérsniðnum lífeyristryggingum.

Reglubundið eftirlit

Reglubundið eftirlit með lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar felur í sér eftirlit með hlítinu við lög og reglur sem og mati á áhættu í rekstri lífeyrissjóðanna. Á árinu 2022 var sérstök áhersla lögð á stjórnarhætti, rekstraráhættu og útvistun. Farið var yfir eigið áhættumat lífeyrissjóðanna auk þess sem tekin voru viðtöl við framkvæmdastjóra, áhættustjóra, innri endurskoðanda og stjórnarmenn þeirra.

Samþykktarbreytingar lífeyrissjóða

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er kveðið svo á að allar breytingar á samþykktum lífeyrissjóðs skuli tilkynna ráðherra og að þær öðlist ekki

gildi fyrir en ráðherra hefur staðfest að þær fullnægi ákvæðum laganna og ákvæðum gildandi samþykktu fyrir lífeyrissjóðinn að fenginni umsögn fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2022 veitti fjármálaeftirlitið umsagnir um breytingar á samþykktum 18 lífeyrissjóða. Flestar breytingarnar vörðuðu breytingar á réttindaávinnslu til framtíðar sem leiðir af upptöku nýrra dánar- og

eftirlifendataflna, sem birtar voru fyrir árslok 2021 og flestir lífeyrissjóðir innleiddu í tryggingafræðilegri athugun það ár. Sumir lífeyrissjóðir kusu jafnframt að breyta áunnum lífeyrisréttindum vegna þegar greiddra iðgjalda miðað við tryggingafræðilegt virði áfallinna skuldbindinga samkvæmt eldri og nýjum forsendum. Nokkrar breytingar á samþykktum vörðuðu önnur efni,

Hæfismat og virkir eignarhlutir

Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Fjármálaeftirlitið leggur mat á hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila. Hæfismatið er framkvæmt þegar stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hefja störf hjá eftirlitsskyldum aðilum auk þess sem fjármálaeftirlitið getur tekið hæfi þeirra til endurskoðunar ef tilefni er til. Það er þó ávallt á ábyrgð eftirlitsskyldra aðila að tryggja að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar þeirra fullnægi hæfisskilyrðum laga og reglna.

Í hæfismati stjórnarmanna eru skrifleg gögn metin og í talsverðum fjölda tilfella eru stjórnarmenn jafnframt boðaðir í viðtal þar sem þekking þeirra er könnuð frekar. Við mat á því hvort stjórnarmaður skuli boðaður í viðtal er meðal annars horft til tegundar, stærðar og umfangs rekstrar hins eftirlitsskylda aðila og þess hvort vafi leiki á að hlutaðeigandi stjórnarmaður fullnægi skilyrðum laga og reglna um nægilega þekkingu, hæfni og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Í tilfelli framkvæmdastjóra fer ávallt fram munnlegt hæfismat þar sem þekking þeirra er sérstaklega könnuð auk þess sem lagt er mat á skrifleg gögn.

Fjármálaeftirlitið lagði mat á hæfi 97 stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eftirlitsskyldra aðila á árinu 2022. Af þeim voru tveir einstaklingar sem ekki stóðust hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal. Meginhluti hæfismatanna sneri, sem fyrir, að stjórnarmönnum. Lokið var við nær öll hæfismöt sem fresta hafði þurft á undanförunum árum vegna kórónuveirufaraldursins.

Virkir eignarhlutir

Fjármálaeftirlitið metur hæfi aðila sem byggjast eignast virkan eignarhlut í eftirlitsskyldum aðilum. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild í eftirlitsskyldum aðila sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun hlutaðeigandi eftirlitsskylds aðila.

Tafla 1 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

Tegund eftirlitsskyldra aðila	Fjöldi
Viðskiptabankar	5
Sparisjóðir	8
Lánafyrirtæki	14
Verðbréfafyrirtæki	9
Greiðslustofnanir	4
Rafeyrisfyrirtæki	1
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	7
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða	3
Vátryggingafélög	6
Vátryggingamiðlanir	1
Lífeyrissjóðir	36
Verðbréfamiðstöðvar	2
Innheimtuáðilar	1
Samtals	97

Tafla 2 Hæfismöt stjórnarmanna og framkvæmdastjóra

	2022	2021	2020
Fjöldi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sem teknir voru í hæfismat	97	94	105
Fjöldi þeirra sem ekki stóðust hæfismat vegna ófullnægjandi þekkingar eða mættu ekki í viðtal	2	2	0

Á árinu 2022 voru afgreiddar tilkynningar um virkan eignarhlut í tveimur eftirlitsskyldum aðilum. Í tengslum við veitingu starfsleyfis indó sparisjóðs hf. voru Haukur Skúlason, Tryggvi Björn Davíðsson og Gnitanes ehf. metin hæf til að fara með virkan eignarhlut í sparisjóðnum, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki. Jafnframt voru Rapyd Financial Network (2016) Ltd. og tengdir aðilar metnir hæfir til að fara með virkan eignarhlut í Valitor hf., sbr. lög nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu.

s.s. hækkun lífeyrisréttinda, tilhögun eingreiðslna og rétt til barnalífeyris.

Í umsögunum fjármálaeftirlitsins var meðal annars vikið að möguleikum lífeyrissjóða til að skerða áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga, kröfum sem gerðar eru til lágmarkstryggingaverndar sem lífeyrissjóðir veita og framsetningu réttindataflna. Í sumum tilfellum lagðist fjármálaeftirlitið gegn því að breytingar sem vörðuðu framangreind atriði yrðu staðfestar. Þrátt fyrir það hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið staðfest 17 af 18 breytingum á samþykktum.

Stjórnarhættir, rekstraráhætta og útvistun

Stjórnarhættir lífeyrissjóða voru fyrirferðarmiklir í athugunum fjármálaeftirlitsins á árinu 2022. Áhersla var lögð á að leggja mat á áhættuvitund stjórnar og áhættumeningu ásamt því að rýna hvernig tekið er mið af áhættu vegna umhverfis- og félagslegra þátta og stjórnarháttum (UFS-áhættu) við fjárfestingarferli sem og hvernig viðvarandi eftirliti með UFS-áhættu er háttað. Þá var einnig lögð sérstök áhersla á rekstrar-áhættu lífeyrissjóða þar sem viðbúnaðaráætlanir og prófanir á þeim voru teknar til athugunar ásamt því að eftirlit með útvistun var sannreynt. Athugasemdum og ábendingum var komið á framfæri þar sem við átti vegna framangreindra athugana.

Tryggingafræðileg staða

Á árinu 2022 leitaði fjármálaeftirlitið sjónarmiða nokkurra lífeyrissjóða varðandi framkvæmd lágmarks-tryggingaverndar og hvernig samþykktum lífeyrissjóða væri hagað svo að sjóðirnir gætu staðið við skuld-bindingar sínar, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og veitt áskilda lágmarkstryggingavernd skv. 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Leiddi þetta til þess að nokkrir lífeyrissjóðir, sem ekki höfðu þegar brugðist við vegna nýrra dánar- og eftirlifendataflna, gerðu breytingar á réttindaávinnslu til framtíðar (réttindatöflum).

Fjárfestingarheimildir

Lífeyrissjóðum og vörsluaðilum séreignarsparnaðar er skylt að senda fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega skýrslu um sundurliðun fjárfestingar, en við yfirferð þeirra á árinu 2021 og 2022 komu í ljós brot Festu lífeyrissjóðs og Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja. Í báðum tilfellum fór fjárfesting í verðbréfasjóði fram úr heimildir laga nr. 129/1997. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir vegna þessara brota og fór fram á úrbætur. Niðurstöður athugananna voru birtar á vefsíðu Seðlabankans í janúar og júlí 2022.

Sjálfbærnivegferð lífeyrissjóða

Seðlabankinn og Landssamtök lífeyrissjóða stóðu sam-eiginlega fyrir fjölmennri málstofu um sjálfbær fjármál og fjárfestingu. Að loknum framsöguerindum voru haldnar tvær vinnustofur, annars vegar um umboðs-skyldu lífeyrissjóða gagnvart sjálfbærni og hins vegar um innleiðingu UFS-sjónarmiða í fjárfestingarferli og eigendastefnu.

Upplýsingakerfi og fleira

Vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa ber öllum eftirlitsskyldum aðilum að skila úttekt óháðs aðila á fylgni við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2019. Á árinu 2022 skiluðu allir lífeyrissjóðir framangreindri úttekt og kom fjármálaeftirlitið ábendingum og athugasemdum á framfæri við sjóðina eftir atvikum.

Unnið hefur verið að því að fylgja eftir innleiðingu á reglugerð nr. 590/2017, um eftirlitakerfi með áhættu lífeyrissjóða, varðandi framsetningu á áhættuvilja og áhættupoli lífeyrissjóða. Unnið verður áfram að verk-efninu á árinu 2023 þar sem stefnt er að því að veita lífeyrissjóðum ítarlegar leiðbeiningar.

Í tengslum við innrás Rússa í Úkraínu voru möguleg áhrif á rekstur lífeyrissjóða kortlögð með hliðsjón af áhrifum á rekstrarsamfellu komi til þess að netsamband við útlönd rofni.

Eftirlit með viðskiptaháttum og málefni neytenda

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila. Slíkt eftirlit felur m.a. í sér frumkvæðisathuganir og athuganir á grundvelli ábendinga sem fjármálaeftirlitið mót-tekur. Þá eru einnig framkvæmdar greiningar, s.s. á fjárfestingu almennra fjárfesta. Markmið eftirlitsins er að stuðla að betri framkvæmd á fjármálamarkaði og efla vernd neytenda. Undir viðskiptahætti falla m.a. hvers kyns samskipti eftirlitsskyldra aðila og viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina við sölu á vörum og þjónustu, s.s. upplýsingagjöf til viðskiptavina, ráðgjöf, gagnsæi í verðlagningu, markaðssetningu og meðhöndlun kvartana.

Á árinu 2022 lauk fjármálaeftirlitið athugunum af ýmsum toga sem snertu viðskiptahætti og málefni neytenda. Einnig hófust umfangsmiklar athuganir á framkvæmd innlendra sölu- og umsjónaraðila í útboði Banksýslu ríkisins á 22,5% eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. sem fram fór 22. mars 2022. Umræddum athugunum er ólokið.

Vettvangsathuganir

Stór hluti af fjármálaþjónustu og samskiptum við viðskiptavinum hefur færst yfir á stafrænt form og nýjar leiðir hafa opnast fyrir starfsemi yfir landamæri. Við þær aðstæður er áskorun að hafa fullnægjandi yfirsýn yfir þjónustu sem neytendum hér á landi stendur til boða og þær aðferðir sem notaðar eru til að ná til viðskiptavina. Aukin hætta er á að viðskiptavinum sé seld vara eða þjónusta sem ekki hentar þeim best eða þeim veittar rangar eða villandi upplýsingar (e. mis-selling). Vettvangsathuganir voru gerðar hjá Afkomu váttryggingamiðlun ehf. og Tryggingavernd ehf. þar sem kannaðar voru ráðstafanir félaganna til varnar hagsmunaaðrekstrum, upplýsingagjöf, þarfa greining og varðveisla gagna í tengslum við dreifingu váttryggingatengdra fjárfestingarafurða.

Markaðssetning

Athugun var gerð á markaðssetningu Stefni hf. á sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta, Stefni-Samvali hs. Markmið hennar var að kanna hvort auglýsing sem Stefni hf. birti á samfélagsmiðlum og í sjónvarpi uppfyllti þau skilyrði sem gilda um markaðsferli rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraráðila sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármála-gerninga, sbr. framselda reglugerð (ESB) 2017/565 sem hefur lagagildi hér á landi. Gerðar voru athugasemdir við framsetningu texta um áhættu og fyrri árangur sem og leturstærð í auglýsingunni. Voru þessi atriði ekki talin samræmast 1. mgr. 34. gr. laganna, sbr. nánar tiltekin ákvæði reglugerðarinnar. Niðurstaða athugunarinnar var birt í desember 2022.

Innheimtuhættir

Niðurstaða athugunar á innheimtuháttum BPO Innheimtu ehf. var birt í ársbyrjun 2022. Markmið athugunarinnar var að kanna hvort góðir innheimtuhættir skv. 6. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 hefðu verið viðhafðir þegar félagið hóf innheimtu á kröfusafni sem samanstóð af kröfum vegna smálána. Athuginin leiddi í ljós að félagið braut gegn fyrrgreindu ákvæði um góða innheimtuhætti með því að hefja innheimtu á kröfum í umræddu kröfusafni án þess að gera fullnægjandi könnun á kröfunum, t.a.m. innheimtukostnaði, þannig að tryggt yrði við innheimtu krafanna að félagið gæti veitt hverjum skuldara nauðsynlegar upplýsingar um grundvöll og fjárhæð kröfu.

Aðgreining milligjalda fyrir kortatengdar greiðslur

Athuganir voru gerðar á aðgreiningu milligjalda fyrir kortatengdar greiðslur hjá þremur færsluhirðum, Rapyd

Europe hf., SaltPay IIB hf. og Valitor hf. Markmið athugananna var að kanna hvort félögin uppfylltu þær skyldur sem hvíla á þeim skv. 1. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/751 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 31/2019, um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur. Niðurstöður athugananna, sem birtar voru í desember 2022 á vefsíðu Seðlabankans, voru að framkvæmd félaganna hefði brotið gegn ákvæðum fyrrgreindrar reglugerðar.

Upplýsingagjöf til neytenda

Upplýsingar um brot NOVIS

Í febrúar 2022 birti Seðlabankinn upplýsingar til neytenda um váttryggingafélagið NOVIS¹ í ljósi ákvörðunar Seðlabanka Slóvakíu (NBS) sem fól í sér niðurstöðu um brot félagsins. Vörum NOVIS er dreift hér á landi í gegnum váttryggingamiðlara en NBS er eftirlitsstjórnvaldið í heimaríki váttryggingafélagsins. Brot félagsins sneru, að mati NBS, að því að váttryggingafélagið stundaði ekki starfsemi sína með varfærnisþjórnarmið að leiðarljósi á tilteknu tímabili og að félagið hefði ekki nægt gjaldþol til að mæta gjaldþolskröfu.

Upplýsingar um áhættu vegna sýndareigna

Ásókn almennings í viðskipti með sýndareignir á borð við Bitcoin hefur verið talsverð, en nýleg könnun Seðlabankans leiddi í ljós að tæp 9% svarenda höfðu fjárfest í sýndareignum. Mikil áhætta fylgir slíkum viðskiptum. Seðlabankinn hefur þó hvorki fjárhagslegt eftirlit með þjónustuveitendum sýndareigna né neytenda eftirlit með viðskiptum með sýndareignir. Í október var birt grein um [Neytendur og hættur á fjármálamarkaði](#) og í nóvember birtist grein um [Áhættu sem fylgir viðskiptum með sýndareignir í Kalkofninum](#), vefriti Seðlabankans. Á samfélagsmiðlum er mikið um rangar eða misvísandi upplýsingar um sýndareignir, dular auglýsingar og óvarlegar ráðleggingar frá aðilum sem ekki eru í öllum tilfellum óháðir. Nauðsynlegt er að neytendur kynni sér allan kostnað sem fylgir því að kaupa fjármálaafurðir og fjármálaþjónustu. Upplýsingar um kostnað eiga að koma skýrt fram í skilmálum og öðru upplýsingaefni fjármálaafurða eins og t.d. lykilupplýsingaskjölum.

Ábendingar frá neytendum

Á hverju ári tekur fjármálaeftirlitið á móti fyrirspurnum, ábendingum og kvörtunum frá almenningi um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila ásamt því að sinna

1. Fullt nafn félagsins er NOVIS Versicherungsgesellschaft, NOVIS ompagnia di Assicurazioni, NOVIS Poistovňa a.s.

upplýsinga- og leiðbeiningarhlutverki vegna þeirra. Slíkar ábendingar um viðskiptahætti eftirlitsskyldra aðila eru einnig nýttar til að greina mögulega áhættu og vandamál á markaðnum og getur sú greining leitt til sértækra athugana fjármálaeftirlitsins. Á árinu 2022 bárust fjármálaeftirlitinu 137 erindi er vörðuðu viðskiptahætti og málefni neytenda á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið sker þó ekki úr ágreiningi á milli fyrir-tækja á fjármálamarkaði og viðskiptavina þeirra.

Eftirlit með verðbréfamarkaði

Eftirlit á verðbréfamarkaði stuðlar meðal annars að skilvirkari og öruggari verðbréfamarkaði. Það fer m.a. fram með viðvarandi eftirliti með upplýsingagjöf útgefenda verðbréfa, eftirliti með viðskiptahegðun þátttakenda á markaði, svo sem mögulegum innherjasvikum og markaðsmisnotkun, en einnig með athugunum á skýrslum eftirlitsskyldra aðila til fjármálaeftirlitsins. Þá hefur fjármálaeftirlitið eftirlit með starfsemi kauphalla (einn aðili) og verðbréfamiðstöðva (tveir aðilar). Fjármálaeftirlitið tekur einnig þátt í norrænu samstarfi fjármálaeftirlita varðandi eftirlit með kauphöllum Nasdaq á Norðurlöndunum og er aðili að eftirlitsnefnd með fulltrúum lögbærra yfirvalda Eystrasaltsríkjanna sem fjallar um starfsemi Nasdaq CSD SE verðbréfamiðstöðvarinnar, en starfsemi hennar nær til allra þessara landa. Eftirlitsnefndin fjallar, auk annarra verkefna, um árlega endurskoðun forsendna starfsleyfis fyrirtækisins.

Eftirlit með hegðun á markaði, viðurlagamál o.fl.

Á árinu 2022 hóf fjármálaeftirlitið rannsókn á 33 málum sem komu upp á verðbréfamarkaði, þar af byggðust 16 á ábendingum frá Kauphöll Íslands. Líkt og fyrri ár vörðuðu flest málanna meint innherjasvik og upplýsingaskyldu útgefenda. Af þeim málum sem tekin voru til rannsókna var 12 lokið á árinu 2022 og líkt og fyrri ár lauk flestum málum án niðurstöðu um brot eða í 9 tilvikum. Þremur málum lauk með sátt við málsaðila.

Tvö málin vörðuðu brot Stapa lífeyrissjóðs og Frjálsa lífeyrissjóðsins á ákvæðum 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr., laga nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Í fyrrnefnda málinu gerðu Seðlabankinn og Stapi lífeyrissjóður með sér samkomulag í maí 2022 um að ljúka málinu með sátt, að fjárhæð 1,5 m.kr., vegna þess að lífeyrissjóðurinn tilkynnti ekki um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Festi hf. innan lögbundins tímafrests. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í sama mánuði. Síðarnefnda málinu lauk í júní 2022 með samkomulagi Seðlabankans og Frjálsa lífeyrissjóðsins

um sátt, að fjárhæð 1,2 m.kr., þar sem lífeyrissjóðurinn hafði ekki tilkynnt um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Reitum fasteignafélagi hf. innan lögbundins tímafrests. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í júlí. Þriðja málið varðaði brot Birtu lífeyrissjóðs á ákvæðum 2. mgr. 21. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr., sömu laga þegar Seðlabankinn og lífeyrissjóðurinn gerðu með sér samkomulag um að ljúka málinu með sátt í september 2022, að fjárhæð 900 þús.kr., þar sem hann hafði ekki tilkynnt um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Sýn hf. innan lögbundins tímafrests. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í október.

Vettvangsathuganir

Fjármálaeftirlitið lauk vettvangsathugunum á tilkynningum hjá Arion banka hf., Fossum fjárfestingarbanka hf. og Íslandsbanka hf. um viðskipti með fjármálagerninga (TRS II). Gerð var úttekt á innra skipulagi sem ætlað er að tryggja gæði tilkynninganna. Enn fremur var gerð úrtakskönnun á innihaldi tilkynninga til fjármálaeftirlitsins. Áfram verður lögð áhersla á gæði umræddra gagnaskila hjá fjármálaefyrirtækjum og stefnt er að því að tvær til þrjár slíkar vettvangsathuganir fari fram árlega.

Starfsleyfi Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf.

Í maí 2021 veitti fjármálaeftirlitið móttöku umsókn Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf. (VBM) um endurnýjað starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð á Íslandi samkvæmt lögum nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. VBM hafði áður fengið starfsleyfi samkvæmt eldri lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, en starfaði áfram á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í nýju lögnum. Reglugerð (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar (CSDR) var innleidd með nýju lögnum og nýtt starfsleyfi því veitt samkvæmt kröfum þeirrar reglugerðar. Eftir að reglur Seðlabanka Íslands nr. 377/2021 um verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar, sem innleiddu framseldar reglugerðir CSDR um starfsleyfi verðbréfamiðstöðva og tóku fyrst gildi þann 23. mars 2021, hafði VBM sex mánuði til að skila inn umsókn til fjármálaeftirlitsins samkvæmt skilyrðum sem gefin eru í fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði. Hinn 1. júlí 2022 var umsóknin metin fullbúin af fjármálaeftirlitinu og var starfsleyfi veitt í lok desember 2022. CSDR leggur miklar kröfur á verðbréfamiðstöðvar og rekstur þeirra. Þar á meðal eru eiginfjárkröfur, kröfur vegna stjórnarháttar og áhættustýringar. Reglugerðinni er jafnframt ætlað að auka samkeppni meðal þeirra

með því m.a. að setja reglur um hvernig samtengingum þeirra á milli skuli háttað.

Lýsingar verðbréfa

Á árinu 2022 staðfesti Seðlabanki Íslands 23 lýsingar verðbréfa. Það er fækkun um 12% frá árinu á undan. Samdráttur milli ára skýrist að stærstum hluta af markaðsaðstæðum en nokkrir útgefendur frestuðu lýsingargerð þar til að markaðsaðstæður yrðu hagfelldari. Líkt og á árinu 2021 voru tvær lýsingar vegna almennra útboða hlutabréfa og töku þeirra til viðskipta á skipulegum markaði staðfestar. Var þar um að ræða lýsingu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf. og Nova klúbbsins hf.

Tafla 1 Fjöldi lýsinga og viðauka sem fjármálaeftirlitið samþykkti

	2020	2021	2022
Lýsingar	34	26	23
Þ.a. grunnlýsingar	14	12	10
Viðaukar	21	9	9
Endanlegir skilmálar	109	68	72 ¹

1. Fjöldi endanlegra skilmála nær einnig yfir endanlega skilmála vegna lýsinga sem hafa verið tilkynntar hingað til lands.

Skortstöður vegna hlutabréfa

Þrátt fyrir miklar lækkanir á aðalmarkaði Kauphallarinnar varð aukningin í fjölda tilkynninga um skortstöður ekki mikil en í töflu 2 má sjá samanburð á fjölda tilkynninga á árunum 2021 og 2022 eftir mánuðum. Fjármálaeftirlitinu bárust alls 50 slíkar tilkynningar 2022 en þær voru 44 árið á undan.

Tafla 2 Fjöldi tilkynninga um skortstöðu



	2021	2022
Janúar	2	2
Febrúar	3	4
Mars	2	6
Apríl	5	1
Mái	0	3
Júní	2	5
Júlí	3	2
Ágúst	4	0
September	2	6
Október	9	16
Nóvember	6	3
Desember	6	2
Samtals	44	50

Þróun verðbréfamarkaðarins

Hlutabréfaverð lækkaði töluvert á árinu 2022. Flest félaganna á aðalmarkaði Kauphallarinnar lækkuðu í

verði en þó voru átta félög sem hækkuðu í verði á árinu. OMX10-vísitalan lækkaði um 26,50% á árinu. Þrjár nýskráningar voru á aðalmarkaðinn, Nova klúbbsurinn hf., Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. og Alvotech Holdings S.A. Einnig voru tvær nýskráningar á First North-markað Kauphallarinnar en þar voru hlutabréf félaganna Alvotech Holdings S.A. og Amaroq Minerals Ltd. tekin til viðskipta. Fyrirnefnda félagið fluttist á aðalmarkaðinn undir lok ársins. Viðskiptum á markaði fjölgaði lítillega á árinu 2022 frá árinu á undan eða um 13%. Þau félög sem skera sig úr varðandi fjölda viðskipta eru Icelandair Group hf., Marel hf., Íslandsbanki hf. og Arion banki hf. en líkt og á árinu 2021 voru langflest viðskipti með hlutabréf í Icelandair Group hf. Á mynd 4 má sjá fjölda viðskipta á aðalmarkaði í hverju félagi fyrir sig á árunum 2021 og 2022.


Velta með hlutabréf félaga á aðalmarkaði Kauphallarinnar stóð nokkurn veginn í stað á milli áruna 2021 og 2022. Þrjú félög stóðu upp úr varðandi veltu



en það voru Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Marel hf. Á mynd 5 má sjá hvernig veltan var á aðalmarkaði Kauphallarinnar hjá hverju félagi fyrir sig.

Hluthöfum fjölgar og aldursamsetning breytt

Hluthöfum á íslenskum hlutabréfamarkaði hefur fjölgað umtalsvert frá árinu 2018. Mynd 6 sýnir fjölda hluthafa í skráðum félögum við áramót síðastliðin fimm ár.² Gögnin sýna fram á aukna þátttöku einstaklinga og lögaðila á hlutabréfamarkaði, en samanlagður fjöldi hluthafa í árslok 2018 var 21.659 en þeir voru 73.489 um síðustu áramót. Gögnin ná til hluthafa í skráðum félögum bæði á aðalmarkaði kauphallarinnar og First North.



Á mynd 7 má sjá áhugaverða þróun í aldursamsetningu einstaklinga sem skráðir eru eigendur hluta-

2 Gögn Nasdaq CSD SE, útibúi á Íslandi, innihalda ekki upplýsingar um hluthafa sem vista hlutabréf sín hjá öðrum verðbréfamíðstöðvum eða á safnreikningum. Þá bást ekki upplýsingar um fjölda hluthafa í Amaroq Minerals Ltd. Þá þarf að túlka gögnin með það í huga að fjöldi hluthafa á hlutabréf í fleiri en einu félagi og eru þeir aðilar því eftir atvikum margtaldir.

bréfa á aðalmarkaði kauphallarinnar og First North en hluthöfum í aldurshópnum 20 til 39 ára hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum árum.

Eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða, verðbréfasjóðum og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með rekstrarfélögum verðbréfasjóða sem hafa heimild til að reka verðbréfasjóði og rekstraraðilum sérhæfðra sjóða sem hafa heimild til að reka sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta og aðra sérhæfða sjóði. Lykilþáttur í slíku eftirliti snýr að því hvort umræddir sjóðir fjárfesti í samræmi við lagaheimildir og eigin reglur. Þá nær eftirlitið einnig til áhættustýringar, hagsmunaárekstra og lausafjárstýringar sjóða sem og skyldna vörsluaðila slíkra sjóða.

Í árslok 2022 störfuðu sex rekstrarfélög verðbréfasjóða sem öll höfðu einnig fengið útgefin starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Þá störfuðu þrjú félög sem höfðu eingöngu starfsleyfi sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða. Til viðbótar störfuðu 14 aðilar sem voru skráðir sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, þar af eitt verðbréfafyrirtæki, en fjórir nýir rekstraraðilar voru skráðir á árinu 2022.

Umsóknir um markaðssetningarheimild

Á árinu 2022 bárust nokkrar umsóknir um markaðssetningarheimild fyrir erlenda rekstraraðila sérhæfðra sjóða til fagfjárfesta hér á landi en um er að ræða svonefnda þriðja ríkis aðila sem staðsettir eru utan EES. Samþykktar voru umsóknir 15 rekstraraðila og 26 sérhæfðra sjóða á nýliðnu ári. Í árslok 2022 voru því 42 rekstraraðilar og 86 sérhæfðir sjóðir utan EES með markaðssetningarheimild til fagfjárfesta hér á landi.

Samevrópsk athugun

Á vormánuðum 2022 var gerð samevrópsk athugun á framkvæmd verðmats eigna verðbréfasjóða og opinna sérhæfðra sjóða. Um var að ræða almenna athugun sem náði til tiltekinna rekstrarfélaga og rekstraraðila hér á landi. Tilgangur athugunarinnar er að tryggja aukna samleitni í eftirliti með framkvæmd verðmats sjóða innan EES og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, leiðbeinandi tilmæla og viðmiðunarreglna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA). Teknir voru sérstaklega til skoðunar eignaflokkar sjóða sem hafa minni seljanleika en almennt á við um skráðar eignir með það markmið að kanna hvort grunnreglum og aðferðum væri fylgt

Starfsleyfi og önnur leyfismál

Eitt af verkefnum fjármálaeftirlitsins er að afgreiða umsóknir fyrirtækja og í sumum tilvikum einstaklinga um leyfi til að starfa á fjármálamarkaði. Slík verkefni geta verið umfangsmikil og krefjast aðkomu sérfræðinga með fjölbreytta þekkingu og reynslu. Töluverðar breytingar voru tengdar starfsleyfum og öðrum leyfismálum eftirlitsskyldra aðila á árinu 2022:

- indó sparisjóður hf. fékk starfsleyfi sem sparisjóður á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Sparisjóðurinn hefur leyfi til að taka á móti innlánnum og öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita útlán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi. Jafnframt hefur sparisjóðurinn heimild til að stunda greiðsluþjónustu samkvæmt lögum nr. 114/2021, um greiðsluþjónustu.
- Fossar fjárfestingarbanki hf. (áður Fossar markaðir hf.) fékk aukið starfsleyfi sem lánafyrirtæki á grundvelli laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en félagið var áður með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Er félaginu meðal annars heimilt að taka við endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi, en þó ekki innlánnum, veita útlán sem fjármögnuð eru með endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og stunda viðskipti fyrir eigin reikning.
- Verðbréfamiðstöð Íslands hf. fékk endurnýjað starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð á grundvelli laga nr. 7/2020, um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Verðbréfamiðstöðin hafði áður hlotið leyfi til að starfa sem verðbréfamiðstöð samkvæmt eldri lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Verðbréfamiðstöðin hefur leyfi til að annast frumskráningu verðbréfa í rafrænt kerfi, útvega og varsla verðbréfareikninga á efsta stigi og starfrækja verðbréfauppgjörskerfi. Jafnframt hefur hún leyfi til að stunda viðbótarþjónustu aðra en bankaþjónustu, sem felur ekki í sér útlána- eða lausafjárahættu.
- Verðbréfafyrirtækið Íslensk verðbréf hf. fékk heimild til að sinna vörslu verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Vörsluaðilum verð-

bréfasjóða er meðal annars ætlað að vakta sjóðstreymi verðbréfasjóða og tryggja móttöku fjármuna. Jafnframt varðveita vörsluaðilar fjármálagerninga verðbréfasjóða og tryggja aðgreiningu þeirra.

- Akta sjóðir hf. fékk aukið starfsleyfi til að sinna eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi fjármálagerninga á grundvelli laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- Leitar Capital Partners ehf., Óðinn Capital ehf., Seigla eignastýring ehf. og Viska Digital Assets ehf. voru skráð sem rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, sbr. lög nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.
- Rafmyntasjóður Íslands ehf. var skráður sem þjónustuveitandi sýndareigna á grundvelli laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þá var skráning Skiptimyntar ehf. sem þjónustuveitanda sýndareigna afturkölluð að beiðni félagsins, sbr. sömu lög, og tók þjónustuveitandinn Bálkar Miðlun ehf. yfir starfsemi félagsins.
- FX Iceland ehf. var fellt af skrá yfir aðila sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu að beiðni félagsins, sbr. lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Skilum ehf. (áður Skilaráðgjöf ehf.) fékk innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008. Innheimtuleyfi félagsins tekur til frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra og innheimtu eigin peningakrafna sem aðili hefur keypt í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Leyfisskyld starfsemi stunduð án leyfis

Fjármálaeftirlitið fær reglulega ábendingar og gerir einnig frumkvæðisskoðanir vegna starfsemi fyrirtækja sem mögulega stunda leyfisskylda starfsemi án leyfis eða skráningar. Á árinu 2022 var starfsemi 32 aðila til skoðunar, þar af var skoðunum á starfsemi tveggja aðila ólokið frá árinu 2021. Af þessum skoðunum voru 30 tilkomnar vegna frumkvæðisathugana en tvær hófust vegna ábendinga. Skoðun á starfsemi 22 aðila er ólokið en stefnt er að því að ljúka þeim árið 2023.

sem tryggja eðlilegt verðmat, hvort sem aðstæður teljast venjulegar eða óvenjulegar. Niðurstöður ESMA hafa ekki verið birtar enn.

Athugun á skyldum vörsluaðila

Fjármálaeftirlitið lauk á árinu skoðun á starfsemi vörsluaðila verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, einkum fylgni

við hlutverk vörsluaðila sem nánar er kveðið á um í þágildandi lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Um var að ræða sértæka athugun sem náði til tiltekinnna vörsluaðila hér á landi. Tilgangur athugunarinnar var m.a. að fá yfirsýn yfir uppbyggingu og starfsemi fyrirtækja sem sinna hlutverki vörsluaðila verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða og sannreyna að tiltekin ákvæði laga og reglugerða væru uppfyllt. Auk fyrrnefndra laga var einkum vísað til IV. kafla framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 231/2013, með síðari breytingum, sem var tekin upp á Íslandi með reglugerð nr. 555/2020, með síðari breytingum.

Eftirlit með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið sinnir áhættumiðuðu eftirliti með tilkynningarskyldum aðilum í samræmi við lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Áhættumiðað eftirlit er aðferðafræði sem felur í sér að meta hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á fjármáلامarkaði og forgangsraða eftirlitsaðgerðum í samræmi við niðurstöðu þess áhættumats. Það felur m.a. í sér að haft er tíðara eftirlit og gerðar nánari athuganir þar sem áhættan er mest.

Tilkynningarskyldir aðilar undir eftirliti voru 97 talsins í árslok 2022 og hafði þeim fjölgað um tvo frá árinu 2021. Í þeim hópi eru meðal annars fjármálafyrirtæki, greiðslustofnanir, rafeyrisfyrirtæki, rekstrarfélög verðbréfasjóða, rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, líftryggingafélög, lífeyrissjóðir, gjaldeyriskiptastöðvar, þjónustuveitendur sýndareigna og útibú ásamt umboðs- og dreifingaraðilum erlendra fjármálastofnana hér á landi.

Athuganir

Athuganir vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá tilkynningarskyldum aðilum geta verið í formi vettvangsathugana eða sértækra athugana. Slíkar athuganir geta verið þemaskoðanir þar sem sömu þættir eru kannaðir hjá mörgum aðilum. Á árinu 2022 gerði fjármálaeftirlitið fjölda athugana. Bæði voru framkvæmdar vettvangsathuganir sem og annars konar athuganir er vörðuðu meðal annars eftirfylgni vegna fyrri athugana á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum hjá tilkynningarskyldum aðilum, en niðurstaða einnar slíkrar athugunar, þ.e. hjá Sparisjóði Strandamanna ses., var birt á vefsíðu Seðlabankans í nóvember 2022.

Fjármálaeftirlitið beitir auk athugana öðrum aðferðum til að minna á skyldur tilkynningarskyldra aðila eða afla upplýsinga um framkvæmd aðgerða hjá þeim. Dæmi um slíkar aðferðir eru kynningar á vegum fjármálaeftirlitsins og svör sem það gefur við fyrirspurnum sem því berast þar sem ýmsum leiðbeiningum er komið á framfæri. Þá var á árinu áfram unnið að því innan fjármálaeftirlitsins að styrkja samstarf og upplýsingaskipti milli eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og varúðareftirlits á grundvelli viðmiðunarreglna EBA um þetta sama efni.

Athuganir hjá verðbréfafyrirtækjum og öðrum aðilum

Á árinu 2022 var fylgni við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka athuguð með vettvangsathugunum hjá verðbréfafyrirtækjum ACRO verðbréfum hf. og Íslenskum verðbréfum hf., Bálkum Miðlum ehf. og Myntkaupum ehf., sem eru þjónustuveitendur sýndareigna, og NúNú Lánum ehf., sem er skráður lánveitandi neytendalána. Í athugunum fólst skoðun á áhættumati á starfsemi þeirra, áhættumati á samningssamböndum og einstökum viðskiptum sem og framkvæmd áreiðanleikakannana, reglubundnu eftirliti, rannsóknar- og tilkynningarskyldu, fylgni við alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, eftirliti með einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og stefnu, stýringum og verkferlum.

Skráningar og rekjanleiki

Þá var gerð vettvangsathugun hjá Landsbankanum hf. þar sem markmiðið var að kanna skráningar og rekjanleika upplýsinga í kerfum bankans auk þess að kanna atriði sem tengdust fyrri vettvangsathugun á áhættumati og áhættumiðuðum aðgerðum bankans. Í vettvangsathuguninni var einungis litið til ákveðinna áhættuþátta í áhættumati bankans. Jafnframt var kannað hvernig viðskiptamenn bankans væru áhættuflokkaðir, hvernig áreiðanleikakannanir væru framkvæmdar og hvernig reglubundnu eftirliti væri sinnt með hliðsjón af áhættumati.

Viðurlög

Í kjölfar vettvangsathugunar á aðgerðum SaltPay IIB hf. gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem framkvæmd var á árinu 2021, var talið að félagið hefði brotið gegn ákvæðum 5., 8., 10., 17., 28. og 30. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í janúar 2022 var fallist á að ljúka málinu með samkomulagi um sátt. Með samkomulaginu samþykkti félagið að greiða sekt að fjárhæð 44,3 m.kr. til ríkissjóðs og framkvæma fullnægjandi úrbætur

innan tilgreindra tímamarka í samræmi við kröfur fjármálaeftirlitsins. Samkomulagið var birt á vefsíðu Seðlabankans í febrúar 2022.

Í ágúst 2022 var birt gagnsæstilkynning vegna samkomulags sem Seðlabankinn og FX Iceland ehf. gerðu með sér í nóvember 2021 um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 2,7 m.kr., vegna brota félagsins á ákvæðum 1., 2. og 4. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 4. mgr. 10. gr., 13. gr., 21. gr., 1. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 34. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í tengslum við víðtæka annmarka á aðgerðum félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Síðar á árinu var félagið fellt af skrá yfir aðila sem veita gjaldeyrisskiptabjónustu að beiðni félagsins.

Fræðsluefni og leiðbeiningar

Birting lærdómsskýrslu

Í apríl 2022 birti fjármálaeftirlitið lærdómsskýrslu um [Framkvæmd áhættumats vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka](#). Tilgangur hennar er að miðla þekkingu og reynslu sem er til staðar innan Seðlabanka Íslands um kröfur og bestu framkvæmd við gerð áhættumats tilkynningarskyldra aðila vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka og reglubundins eftirlits með viðskiptamönnum. Skýrslunni er ætlað að nýtast stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum stjórnendum, eftirlitseiningum og framlínustarfsmönnum tilkynningarskyldra aðila til að skilja þær kröfur sem felast í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Skýrslunni var fylgt eftir með morgunverðarfundi í maí 2022.

Uppfærðir listar yfir starfsheiti og áhættusöm ríki

Á árinu 2022 uppfærði fjármálaeftirlitið lista yfir starfsheiti sem teljast til háttsettra opinberra starfa í tengslum við mat á einstaklingum sem teljast í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla. Uppfærslan fór annars vegar fram í júní og hins vegar í desember. Þá uppfærði fjármálaeftirlitið sem fyrr lista yfir áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki í þrígang á árinu í samræmi við breytingar á listum Financial Action Task Force (FATF) og Evrópusambandsins um efnið.

Innleiðingar viðmiðunarreglna

Þá innleiddi fjármálaeftirlitið [Viðmiðunarreglur EBA um stefnu og verklag í tengslum við stjórnun regluvörslu og hlutverk og skyldur regluvarðar vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka](#). Fjármálaeftirlitið innleiddi einnig annars vegar [Viðmiðunarreglur EBA um samstarf og upplýsinga-](#)

[skipti milli varúðareftirlita, eftirlits með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og hins vegar \[Viðmiðunarreglur EBA um áhættumiðaða nálgun í eftirliti með aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka\]\(#\)](#). Síðastnefndu tvær viðmiðunarreglurnar varða starfsemi fjármálaeftirlitsins og er þeim ekki beint að tilkynningarskyldum aðilum.

Fræðsla vegna þvingunaraðgerða

Vegna þvingunaraðgerða sem beinast að rússneskum aðilum í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu veitti fjármálaeftirlitið margvíslega fræðslu í tengslum við eftirlit með aðilum á þvingunarlistum. Í mars 2022 vakti fjármálaeftirlitið athygli tilkynningarskyldra aðila á innleiðingu þvingunaraðgerða og eftirliti með þeim. Var það gert með frétt á vefsíðu Seðlabankans. Þá sendi fjármálaeftirlitið fjölda dreifibréfa á tilkynningarskylda aðila og birti einnig ýmislegt fræðsluefni þessu tengt á vefnum. Jafnframt var haldinn fræðslufundur fyrir tilkynningarskylda aðila í maí 2022 í tengslum við eftirlit með þvingunaraðgerðum.

Ráðstefna Seðlabankans

Seðlabankinn hélt ráðstefnu um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í september 2022 þar sem saman komu innlendir og erlendir sérfræðingar í málaflokknum. Á ráðstefnunni var rætt um margvísleg málefni, svo sem eftirlit, breytingar innan Evrópusambandsins og löggæslusjónarmið.

Viðurlagamál

Málum sem lauk með viðurlögum á árinu 2022

Á árinu 2022 lauk Seðlabankinn fimm málum með samkomulagi um sátt við málsaðila. Gagnsæistilkynningar hafa verið birtar í þeim málum sem lokið var með sátt auk þess sem gagnsæistilkynning var birt á árinu vegna máls sem lokið var með sátt seint á árinu 2021. Gerð er grein fyrir þessum sex málum hér að neðan. Ekkert mál gaf tilefni til ákvörðunar fjármálaeftirlitsnefndar um álagningu stjórnvaldssektar vegna brots á árinu 2022.

FX Iceland ehf.

Í nóvember 2021 gerðu Seðlabankinn og FX Iceland ehf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 2.700.000 kr., vegna brota félagsins á ákvæðum 1., 2. og 4. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., 4. mgr. 10. gr., 13. gr., 21. gr., 1. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 34. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í tengslum við viðtæka annmarka á aðgerðum félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í ágúst.

SaltPay IIB hf.

Í janúar 2022 gerðu Seðlabankinn og SaltPay IIB hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 44.330.000 kr., vegna brota félagsins á ákvæðum 5., 8., 10., 17., 28. og 30. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í tengslum við viðtæka annmarka á aðgerðum félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í febrúar.

Stapi lífeyrissjóður

Í maí 2022 gerðu Seðlabankinn og Stapi lífeyrissjóður með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 1.500.000 kr., vegna brota lífeyrissjóðsins á ákvæðum 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr., laga nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, með því að hafa ekki tilkynnt um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Festi hf. innan lögbundins tímafrests. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í maí.

Arion banki hf.

Í júlí 2022 gerðu Seðlabankinn og Arion banki hf. með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 5.500.000 kr., vegna brota bankans á ákvæði 58. gr. laga

nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með því að hafa afhent upplýsingar um viðskiptamann sem þagnarskylda gildi um. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í júlí.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Í júní 2022 gerðu Seðlabankinn og Frjálsi lífeyrissjóðurinn með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 1.200.000 kr., vegna brota lífeyrissjóðsins á ákvæðum 1. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr., laga nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, með því að hafa ekki tilkynnt um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Reitum fasteignafélagi hf. innan lögbundins tímafrests. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í júlí.

Birta lífeyrissjóður

Í september 2022 gerðu Seðlabankinn og Birta lífeyrissjóður með sér samkomulag um að ljúka máli með sátt, að fjárhæð 900.000 kr., vegna brota lífeyrissjóðsins á ákvæðum 2. mgr. 21. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr., laga nr. 20/2021, um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, með því að hafa ekki tilkynnt um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í Sýn hf. innan lögbundins tímafrests. Gagnsæistilkynning vegna málsins var birt í október.

Stjórnvaldssektarmál fyrir dómstólum á árinu 2022

Tryggingar og ráðgjöf ehf.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-506/2021 hinn 9. mars 2022 var ákvörðun Seðlabankans um álagningu stjórnvaldssektar í máli Trygginga og ráðgjafar ehf. að fjárhæð 35.000.000 kr. vegna brota félagsins á 1. og 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 140. gr. f laga nr. 30/2004, um váttryggingasamninga, og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga, staðfest en sektarfjárhæðin lækkuð í 33.000.000 kr. Félagið hefur áfrýjað dómi héraðsdóms til Landsréttar og Seðlabankinn gagnáfrýjaði.

Arion banki hf.

Í júlí 2020 tók Seðlabankinn ákvörðun um álagningu stjórnvaldssektar í máli Arion banka hf. að fjárhæð 87.700.000 kr. vegna brota félagsins á þágildandi 1. mgr. 122. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Bankinn höfðaði mál gegn Seðlabankanum og krafðist ógildingar ákvörðunarinnar en til vara að henni yrði breytt. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-6521/2020 hinn 19. apríl 2022 var ákvörðun Seðlabankans staðfest. Bankinn hefur áfrýjað dómi héraðsdóms til Landsréttar.

Helstu áherslur í verkáætlun 2023



Áherslur 2023

Fjármálaeftirlitið vinnur ítarlega verkáætlun á hverju ári. Sú vinna byggist meðal annars á [Stefnumarkandi áherslum við eftirlit á fjármálamarkaði 2022-2024](#), nýlegu áhættumati og áherslum evrópsku eftirlitsstofnananna á fjármálamarkaði (EBA, EIOPA og ESMA). Í þessum kafla eru birtar samandregnar helstu áherslur í verkáætlun ársins 2023. Birting helstu áherslna í verkáætlun fjármálaeftirlitsins hefur það að markmiði að stuðla að gagnsæi um áherslur og verkefni þess. Birting gerir eftirlitsskyldum aðilum kleift að taka mið af stefnu og áherslum eftirlitsins í starfsemi sinni. Áherslurnar eru birtar með fyrirvara um breytingar enda tekur eftirlit með fjármálastarfsemi mið af nýjustu upplýsingum hverju sinni.

Net- og upplýsingatækniáhætta

Á undanförunum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á að eftirlitsskyldir aðilar hugi að net- og upplýsingatækniáhættu í starfsemi sinni og styrki varnir sínar gegn hvers kyns netógnum. Á árinu 2023 verður áfram lögð áhersla á þennan málaflokk og að eftirlitsskyldir aðilar treysti umgjörð sína og varnir, þ. á m. vegna netárása, og styrki getu sína til að bregðast við alvarlegum atvikum. Útvistun eftirlitsskyldra aðila á mikilvægri upplýsingatækniþjónustu og eftirlit með henni verður jafnframt áfram í brennidepli fjármálaeftirlitsins.

Viðskiptaháttaeftirlit

Nokkrar áherslur munu birtast í athugunum vegna viðskiptahátta eftirlitsskyldra aðila á árinu. Athygli fjármálaeftirlitsins beinist í vaxandi mæli að viðskiptaháttum eftirlitsskyldra aðila þar sem t.d. viðskiptabanka-

starfsemi og váttryggingastarfsemi er rekin undir sama hatti. Slíkum samrekstri og samþættingu fylgir freistnivandi sem mikilvægt er að viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar bregðist rétt við og sýni háttsemi í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti í samskiptum sínum við viðskiptavini, t.d. að því er varðar tilboðsgerð og söluaðferðir. Jafnframt beinist kastljós fjármálaeftirlitsins að fylgni eftirlitsskyldra aðila við viðmiðunarreglur er varða vörupróun og dreifingu fjármálaafurðar (e. POG) og verða gerðar athuganir vegna þess á árinu.

Eftirlit með aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Líkt og á undanförunum árum skipa athuganir sem snúa að aðgerðum eftirlitsskyldra aðila gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nokkurn sess í verkefnaáætlun fjármálaeftirlitsins á árinu. Eftirlitsskyldir aðilar mega áfram búast við því að ítarlegri og dýpri skoðanir verði gerðar á áhættumati þeirra með sérstakri áherslu á þær tæknilausnir sem þeir nota til að veita þjónustu og sinna eigin eftirliti. Þá horfir fjármálaeftirlitið áfram til þekkingar á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka þegar mat er lagt á hæfi og hæfni stjórnenda eftirlitsskyldra aðila og samsetningu stjórnna.

Verðbréfamarkaðseftirlit

Frumkvæðisathuganir á verðbréfamarkaði munu áfram beinast að gæðum svonefndra TRS-gagna sem notuð eru við eftirlit með markaðnum. Þá verður rík áhersla lögð á fjárfestavernd á verðbréfamarkaði.

Stjórnarhættir

Eftirlit og eftirfylgni með stjórnarháttum eftirlitsskyldra aðila eru ríkur þáttur í starfi fjármálaeftirlitsins. Á árinu

verða gerðar athuganir og ráðist í verkefni sem tengjast m.a. viðvarandi hæfi og hæfni stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þvert á fjármálamarkaðinn, athuganir sem tengjast upplýsingagjöf til stjórnar um áhættu-
stýringu og eftirfylgni stjórnar með áhættustefnu og áhættuvilja og fleira.

Breytingar á réttarheimildum fjármálamarkaðar



Í þessum kafla er í fyrsta lagi sagt frá þeim lagabreytingum sem gerðar voru á fjármálamarkaði á árinu 2022. Í öðru lagi er sagt frá þeim breytingum sem gerðar voru á reglum og leiðbeinandi tilmælum á árinu. Í þriðja lagi er greint frá væntanlegum Evrópugerðum á fjármálamarkaði sem ráðgert er að innleiða á næstu misserum.

Lagabreytingar á árinu 2022

Seðlabanki Íslands tekur virkan þátt í að móta það regluverk sem gildir á fjármálamarkaði hér á landi, m.a. með setningu reglna og innleiðingu viðmiðunarreglna sem stafa frá evrópskum eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði. Þá taka starfsmenn Seðlabankans þátt í starfi nefnda og starfshópa á vegum fagráðuneyta til undirbúnings lagafrumvarpa sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Seðlabankinn gegnir lykilstöðu á fjármálamarkaði varðandi vöktun, upp-töku og innleiðingu tæknilegra staðla (e. technical standards), viðmiðunarreglna (e. guidelines) og tilmæla (e. recommendations) sem gefin eru út af evrópsku eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði. Það er nauðsynlegt að fjármálaeftirlitið hafi yfirsýn yfir þær réttarheimildir sem gilda á íslenskum fjármálamörkuðum, beiti þeim og túlki og fylgist með þeim lagabreytingum sem eru í farvatninu innan EES.

Eftirfarandi lög er varða fjármálamarkað voru samþykkt á Alþingi á árinu 2022:

- Lög nr. 115/2022, um evrópska langtímafjárfestingarsjóði.
- Lög nr. 62/2022, um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018 (sýndareignir o.fl.).
- Lög nr. 50/2022, um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (innleiðing o.fl.).

- Lög nr. 48/2022, um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (fjármögnun skilasjóðs, iðgjöld og fyrirkomulag Tryggingarsjóðs vegna fjármálafyrirtækja).
- Lög nr. 38/2022, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki og fleiri lögum (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki).
- Lög nr. 32/2022, um breytingu á lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, nr. 14/2020, og lögum um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu, nr. 20/2021 (ESB-endurbótalýsing o.fl.).
- Lög nr. 31/2022, um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði.

Setning reglna og leiðbeinandi tilmæla á árinu 2022

Reglur

Á árinu 2022 setti Seðlabanki Íslands eftirfarandi reglur sem varða fjármálaeftirlit, m.a. til að innleiða reglugerðir ESB um tæknilega staðla evrópsku eftirlitsstofnanna á fjármálamarkaði:

- Reglur nr. 1701/2022 um gerð samstæðureiknings-skila fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1700/2022 um upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1699/2022 um útlánaáhættu fjármálafyrirtækja.
- Reglur nr. 1698/2022 um innri aðferðir við útreikning á eiginfjákröfum fjármálafyrirtækja.

- Reglur nr. 1520/2022 um lausafjárhlutfall lánastofnana.
- Reglur nr. 1500/2022 varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmið-unardagsetningar frá 30. september 2021 til 29. september 2022.
- Reglur nr. 1179/2022 um upplýsingaskyldu útgef-enda verðbréfa.
- Reglur nr. 1166/2022 um vörpun lánshæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu og verðbréfunar.
- Reglur nr. 1165/2022 um tilkynningar lánastofnana um starfsemi yfir landamæri.
- Reglur nr. 1164/2022 um útlánaáhættu fjármála-fyrirtækja. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1699/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 1163/2022 um gagnaskil fjármálfyrir-tækja.
- Reglur nr. 1162/2022 um útreikning fjármálfyrir-tækja á eiginfjárgrunni og hæfu fjármagni.
- Reglur nr. 888/2022 um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármála-fyrirtækja.
- Reglur nr. 887/2022 um birtingu upplýsinga um var-færniskröfur samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki.
- Reglur nr. 886/2022 um afmörkun á kerfislega mikil-vægu fjármálfyrirtæki á alþjóðavísu.
- Reglur nr. 855/2022 um upplýsingagjöf og samstarf eftirlitsstjórnvalda á grundvelli laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga.
- Reglur nr. 854/2022 um umgjörð viðskipta með fjár-málagerninga.
- Reglur nr. 853/2022 um starfsleyfi og skipulagskröf-ur verðbréfafyrirtækja, upplýsingagjöf vegna virks eignarhlutar og viðmið vegna viðbótarstarfsemi.
- Reglur nr. 852/2022 um skipulagskröfur fyrir við-skriptavettvanga.
- Reglur nr. 851/2022 um gagnsæiskröfur á mörkuð-um fyrir fjármálagerninga.
- Reglur nr. 850/2022 um afleiður og stöðustofnun fyrir fjármálagerninga.
- Reglur nr. 794/2022 um samstarf eftirlitsstjórnvalda um eftirlit með starfsemi fjármálfyrirtækja.
- Reglur nr. 793/2022 um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda varðandi tiltekna aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálfyrirtækja.
- Reglur nr. 792/2022 um sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsstjórnvalda um varfærniskröfur fjármálfyrir-tækja.
- Reglur nr. 791/2022 um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármála-fyrirtækja. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 888/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 790/2022 um breytilega þætti starfskjara stjórnarmanna og starfsmanna fjármálfyrirtækja.
- Reglur nr. 789/2022 um beitingu val- og heimildar-ákvæða samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki.
- Reglur nr. 787/2022 um útreikning á hlutfalli sveiflu-jöfnunarauka á fjármálfyrirtæki.
- Reglur nr. 775/2022 um aðlögun á grunnfjárhæðum í evrum fyrir starfsábyrgðartryggingu váttrygginga-miðlara.
- Reglur nr. 774/2022 um tilkynningar Fjármálaeftirlitsins um skráningu rekstraraðila evrópskra félagslegra framtakssjóða (EuSEF).
- Reglur nr. 773/2022 um tilkynningar Fjármálaeftirlitsins um skráningu rekstraraðila evrópskra áhættufjár-magnssjóða (EuVECA).
- Reglur nr. 702/2022 um hámark veðsetningarhlut-falls fasteignalána til neytenda.
- Reglur nr. 701/2022 um hámark greiðslubyrðar fast-eignalána í hlutfalli við tekjur neytenda.
- Reglur nr. 655/2022 um innri aðferðir við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálfyrirtækja. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 1698/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 353/2022 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, samskipti við viðskiptavinum og með-höndlun kvartana.
- Reglur nr. 321/2022 um afleiður og stöðustofnun fyrir fjármálagerninga. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 850/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 320/2022 um aðgerðir gegn markaðssvik-um.
- Reglur nr. 236/2022 um starfsleyfi, skipulagskröfur og kröfur til birtingar viðskiptaupplýsinga fyrir veit-endur gagnaskýrsluþjónustu á fjármálamarkaði.
- Reglur nr. 235/2022 um gagnsæiskröfur á mörkuð-um fyrir fjármálagerninga. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 851/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 234/2022 um afleiður og stöðustofnun fyrir fjármálagerninga. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 321/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 233/2022 um umgjörð viðskipta með fjár-málagerninga. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 854/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 232/2022 um skipulagskröfur verðbréfa-fyrirtækja, upplýsingagjöf vegna virks eignarhlutar og viðmið vegna viðbótarstarfsemi. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 853/2022 um sama efni.
- Reglur nr. 231/2022 um skipulagskröfur fyrir við-skriptavettvanga. Féllu úr gildi við gildistöku reglna nr. 852/2022 um sama efni.

- Reglur nr. 145/2022 um samningu og miðlun lykilupplýsingaskjals fyrir almenna fjárfesta.

Leiðbeinandi tilmæli

Seðlabankinn gaf ekki út ný leiðbeinandi tilmæli á árinu.

Viðmiðunarreglur

Nokkur fjöldi EES-viðmiðunarreglna (e. guidelines) var tekinn upp hjá fjármálaeftirlitinu á árinu. Um er að ræða viðmiðunarreglur sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA), Evrópska váttrygginga- og lífeyrisjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) og Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin (ESMA) gefa út að eigin frumkvæði, sbr. heimild í 16. gr. reglugerða um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum nr. 1093-1095/2010, sem innleiddar hafa verið í lög nr. 24/2017, um evrópsk eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Þegar viðmiðunarreglurnar eru teknar upp er dreifibréf um efni þeirra sent til markaðsaðila ásamt slóð á enska útgáfu þeirra, ef þær snúa að markaðsaðilum. Skjölin eru einnig birt á vefsíðu Seðlabankans. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf Evrópusambandsins. Fjármálaeftirlitið byggir því á viðmiðunarreglunum við framkvæmd eftirlits.

Væntanleg ný löggjöf á fjármálamarkaði

Í þessum kafla er greint frá helstu tilskipunum og reglugerðum á evrópskum fjármálamarkaði sem verið er að innleiða eða til stendur að innleiða í íslenskan rétt á árinu 2023. Sérfræðingar Seðlabankans koma að þessari innleiðingu með ýmsum hætti, svo sem með samstarfi við ráðuneyti um samningu frumvarpa og reglugerða og þátttöku í vinnu við útgáfu reglna og leiðbeinandi tilmæla Seðlabankans og upptöku viðmiðunarreglna.

Tilskipun um greiðslureikninga (PAD)

Tilskipun 2014/92/ESB um greiðslureikninga (PAD) tekur til samanburðar gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum. Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að gagnsæi og samkeppni, auðvelda samanburð á gjöldum og skipti á greiðslureikningum sem og að styðja við skilvirkan og snurðulausan fjárhagslegan hreyfanleika neytenda. Frumvarp til innleiðingar á

gerðinni var lagt fram á haustþingi 2022 (166. mál) og hefur það nú verið samþykkt sem lög nr. 5/2023. Gildistaka laganna var 1. mars 2023.

Peningamarkaðssjóðir (MMF)

Reglugerð (ESB) 2017/1131 um peningamarkaðssjóði (MMF) mun gilda um alla sjóði um sameiginlega fjárfestingu, hvort sem um er að ræða verðbréfasjóði eða sérhæfða sjóði. Helstu markmið reglugerðarinnar eru að koma á samræmdum reglum til að tryggja öryggi og áreiðanleika peningamarkaðssjóða, hlúa að skilvirkni peningamarkaðarins og tryggja jafnræði fjárfesta. Frumvarp til innleiðingar á gerðinni var lagt fram á haustþingi 2022 (328. mál) og hefur það nú verið samþykkt sem lög nr. 6/2023. Gildistaka laganna var 1. mars 2023.

Tilskipun um sértryggð skuldabréf (Covered bonds)

Tilskipun (ESB) 2019/2162 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum er ætlað að styrkja fjárfestavernd með því að koma á samræmdum lágmarkskröfum, einkum varðandi skilgreiningar og staðla fyrir sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum. Reglurnar taka til þess hvernig skuldabréfin eru gefin út og samsett, hvernig eftirliti með þeim er háttað og hvernig þau eru kynnt. Þá eru með reglugerð (ESB) 2019/2160 gerðar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR) að því er varðar áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa. Frumvarp til innleiðingar á gerðunum var lagt fram á haustþingi 2022 (433. mál) og hefur það nú verið samþykkt sem lög nr. 7/2023. Gildistaka laganna var 1. mars 2023.

Reglugerð um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og endurnotkun (SFTR)

Reglugerð (ESB) 2015/2365 um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og endurnotkun (SFTR) er ætlað að draga úr kerfisbundinni áhættu vegna fjármögnunarviðskipta með því að auka gagnsæi í slíkum viðskiptum, jafna samkeppni og alþjóðlega samleitni og styrkja eftirlit. Samkvæmt reglugerðinni verða upplýsingar um fjármögnunarviðskipti allra markaðsaðila með verðbréf skráðar í viðskiptaskrá, hvort sem þeir eru fjármálaframtæki eða ekki. Þar er meðal annars um að ræða upplýsingar um hvenær viðskiptin eiga sér stað, samsetningu veðtrygginga, hvort veðtryggingin sé aðgengileg til endurnotkunar eða hvort hún hafi verið endurnotuð, notkun staðgönguveðtrygginga í lok hvers dags og frádragið sem er notað. Einnig verður kveðið á um samstarf eftirlitsaðila í aðildarríkjum svo að þeir hafi yfirsýn

yfir áhættu vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf og upplýsingaskipti þeirra vegna þess. Frumvarp til innleiðingar á gerðinni var lagt fram á haustþingi 2022 (588. mál) og er til meðferðar.

Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni á fjármálamarkaði (SFDR - Transparency)

Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á fjármálamarkaði (SFDR - Transparency) inniheldur samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði, til að mynda váttryggingafélög, fjármálafyrirtæki og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Í henni er m.a. mælt fyrir um þær kröfur að aðilar birti á heimasíðu sinni upplýsingar um hvernig þeir taki tillit til áhættu sem tengist sjálfbærni í áhættustýringu sinni og hvernig þeir meti áhrif á sjálfbærni. Frumvarp til innleiðingar á gerðinni var lagt fram á haustþingi 2022 (415. mál) og er til meðferðar.

Flokkunarkerfi til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfesting (Taxonomy)

Með setningu reglugerðar (ESB) 2020/852 um flokkunarkerfi (e. taxonomy) til að greiða fyrir sjálfbærum fjárfestingum var tekið mikilvægt skref í þá átt að draga úr líkum á grænþvotti (e. greenwashing) og auðvelda fjárfestum að átta sig á þeim forsendum sem búa að baki flokkun á vörum sem markaðssettar eru sem *grænar* eða *sjálfbærar*. Þá samræmir reglugerðin hugtakanotkun og túlkunarreglur um hvað teljist til sjálfbærrar fjárfestingar. Frumvarp til innleiðingar á gerðinni var lagt fram á haustþingi 2022 (415. mál) og er til meðferðar.

Dreifing sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri (Cross-border distribution of funds)

Með innleiðingu reglugerðar (ESB) 2019/1156 og tilskipunar (ESB) 2019/1160 um að greiða fyrir dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri (e. cross-border distribution of funds) verða íslenskar lagareglur varðandi rekstur og markaðssetningu verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða þvert yfir landamæri samræmdar við löggjöf Evrópusambandsins. Reglugerð (ESB) 2019/1156 breytir EuVECA- og EuSEF-reglugerðunum og tilskipun (ESB) 2019/1160 breytir AIFMD- og UCITS-tilskipununum. Markmiðið með breytingunum er m.a. að auka gagnsæi fyrir fjárfesta, samræma kostnað sjóða vegna dreifingar yfir landamæri og samræma skilgreiningu á formarkaðssetningu (e. pre-marketing). Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðunum á vorþingi 2023.

Breyting á tilskipun um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (BRRD II)

Með tilskipun (ESB) 2019/879 (BRRD II) eru gerðar breytingar á tilskipun 2014/59/ESB (BRRD) sem hefur verið innleidd hér á landi með lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, og lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Helstu breytingarnar varða reglur um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL-kröfur). Einnig eru gerðar breytingar sem varða meðal annars fyrirbyggjandi aðgerðir og undirbúning skilameðferðar, einstakar valdheimildir skilavalds við undirbúning og framkvæmd skilameðferðar og heimildir skilavalds til ráðstafana vegna samninga. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á vorþingi 2023.

Tilskipun og reglugerð um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum (IFD og IFR)

Í tilskipun (ESB) 2019/2034 og reglugerð (ESB) 2019/2033 um varúðareftirlit með verðbréfafyrirtækjum (IFD og IFR) eru settar fram samræmdar kröfur til varúðareftirlits með verðbréfafyrirtækjum sem falla undir MiFID II. Gerðirnar hafa að geyma kröfur um lágmarksstofnfé verðbréfafyrirtækja, þær heimildir og tæki sem eftirlitsstjórnvöld skulu hafa til eftirlits með verðbréfafyrirtækjum og þær upplýsingar sem eftirlitsstjórnvöld skulu birta. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðunum á vorþingi 2024.

Endurskoðun á stofnreglugerðum EBA, EIOPA, ESMA og ESRB (ESA's review)

Með reglugerð (ESB) 2019/2175 voru gerðar breytingar á ESAs-reglugerðunum sem setja á fót evrópsku eftirlitsstofnanirnar EBA, EIOPA og ESMA. Breytingar voru gerðar á stjórnskipulagi stofnananna ásamt því að ESMA var falið beint eftirlit (e. direct supervision) með ákveðnum fjárhagslegum viðmiðunum (e. EU critical benchmarks) og stjórnendum þeirra og veitendum gagnaskýrsluþjónustu (e. data service providers) samkvæmt MiFID II/MiFIR regluverkinu. Að því er EES-EFTA-ríkin varðar mun eftirlitið verða í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA. Einnig voru m.a. gerðar breytingar til að stuðla að samleitni í eftirliti (e. supervisory convergence) og bættri fjárfestavernd. Með reglugerð (ESB) 2019/2176 voru gerðar ýmsar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1092/2010 sem setti á fót Evrópska kerfisáhætturáðið (ESRB). Sérstaklega er vert að nefna að gerð er breyting á ákvæðum gerðarinnar varðandi þátttöku ríkja utan ESB í starfsemi ráðsins sem opnar fyrir að EES-EFTA-ríkin fái fulla aðild að ráðinu án atkvæðisréttar eins og þau hafa núna hjá EBA, EIOPA

og ESMA. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2023.

Tilfærsla á eftirliti með veitendum gagnaskýrsluþjónustu

Tilskipun (ESB) 2019/2177 um tilfærslu á eftirliti með veitendum gagnaskýrsluþjónustu breytir MiFID II-tilskipuninni 2014/65/ESB, Solvency II-tilskipuninni 2009/138/EB og peningaþvættistilskipuninni (ESB) 2015/849 og færir eftirlit með veitendum gagnaskýrsluþjónustu til ESMA. Að því er varðar EES-EFTA-ríkin verður eftirlitið aftur á móti í höndum Eftirlitsstofnunar EFTA. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2023.

OTC-afleiður, miðlægir mótaðilar og afleiðuviðskiptaskrár (EMIR 2.2. CCP)

Reglugerð (ESB) 2019/2099 er hluti af endurskoðun á regluverkinu um afleiðuviðskipti og breytir reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (EMIR) með það að markmiði að styrkja eftirlit með miðlægum mótaðilum (CCPs). Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2023.

Reglugerð um umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS)

Með reglugerð (ESB) 2017/2402 um umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS) er skilgreind almenn umgjörð fyrir verðbréfun og að auki komið á sértækri umgjörð fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (STS). Gerðir á hinum ýmsu mörkuðum eins og CRR, Solvency II og MMF vísa í reglur STS varðandi verðbréfun og eru m.a. ákvæði um verðbréfun flutt úr CRR og yfir í STS-gerðina. Einnig breytir STS-gerðin CRR að því er varðar varfærniskröfur, m.a. að því er varðar áhættulíkön og eiginfjárlutföll. Reglugerð (ESB) 2021/557 gerir breytingar á reglugerð (ESB) 2017/2402 til að styðja efnahagsbata eftir COVID-19-faraldurinn. Er STS-regluverkið víkkað út þannig að það taki til fleiri tegunda verðbréfa og auðveldara sé að verðbréfa útlán sem eru í óskilum (e. non-performing exposures). Fyrirhugað er að leggja fram frumvarpið til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2023.

Reglugerð um starfstengda lífeyrissjóði (IORP II)

Tilskipun (ESB) 2016/2341 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri setur fram reglur um stofnun og rekstur þeirrar starfsemi sem stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa með höndum. Eldri tilskipun 2003/41/EB (IORP I) um sama efni hefur tekið nokkrum breytingum og er því um að ræða

endurútgefna tilskipun. Markmið hennar er að tryggja góða stjórnarhætti, upplýsingagjöf til sjóðfélaga og gagnsæi og öryggi starfstengda lífeyriskerfisins í því skyni að auðvelda frekar hreyfanleika launafólks milli aðildarríkja. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2023 sem kæmi til með að fela í sér setningu nýrra laga um starfstengda eftirlaunastjóði og brottfall eldri laga nr. 78/2007, um sama efni, sem á sínum tíma voru sett til innleiðingar á eldri tilskipun um sama efni (IORP I).

Reglugerð um samevrópskt séreignarsparnaðarkerfi (PEPP)

Reglugerð (ESB) 2019/1238 um samevrópskt séreignarsparnaðarkerfi (PEPP) felur í sér nýja valfrjálsa tegund lífeyrissparnaðar sem neytendum innan EES mun standa til boða. Með reglugerðinni er lagður grunnur að samevrópskum persónulegum sparnaði þar sem tryggðir eru staðlaðir grunneiginleikar afurðarinnar eins og kröfur um gagnsæi, fjárfestingarreglur, réttur til að skipta um vöru og tegund fjárfestingarkosta. Þannig er tryggð rík neytendavernd sem gefur á sama tíma nægjanlegan sveigjanleika fyrir þá sem bjóða afurðina til að geta sérsniðið hana að eigin viðskiptalíkani. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðinni á haustþingi 2023.

Reglugerð um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði (DORA)

Í reglugerð (ESB) 2022/2554 um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði eru settar fram samræmdar kröfur um öryggi net- og upplýsingakerfa allra þátttakenda í fjármálakerfinu, þar sem fyrirtæki þurfa að ganga úr skugga um að þau geti staðist, brugðist við og jafnað sig á hvers kyns truflunum og ógnum sem tengjast upplýsingatækni. Meginmarkmiðið er að auka viðnámsþrótt fyrirtækjanna, draga úr netárásam og áhættu. Í reglugerðinni eru meðal annars sett fram skilyrði sem lúta að stýringu á áhættu vegna stafrænnar þjónustu (e. ICT-Services), kröfum um skýrsluskil vegna þeirrar áhættu og kröfum um prófanir og mat á áhættu vegna útvistunar á slíki þjónustu til þriðja aðila. Samhliða gerir tilskipun (ESB) 2022/2556 ráð fyrir afleiddum breytingum á PSD II, IORP II, MiFID II, CRD IV og AIFMD. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til innleiðingar á gerðunum á haustþingi 2023.

Reglugerð um evrópska hóp fjármögnunarþjónustu-veitendur fyrir fyrirtæki (Crowdfunding)

Reglugerð (ESB) 2020/1503 mælir fyrir um samræmdar kröfur um veitingu, skipulag, heimildir, rekstur, eftirlit,

gagnsæi og markaðssamskipti í tengslum við hóp-
fjármögnunarþjónustu við fyrirtæki. Samhliða gerir
tilskipun (ESB) 2020/1504 ráð fyrir afleiddum breyting-
um á MIFID II. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp til
innleiðingar á gerðunum á haustþingi 2023.

Viðaukar

1 Fjöldi aðila undir eftirliti við árslok 2022

Tafla 1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila við árslok

Flokkar aðila undir eftirliti í lok hvers árs	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2020	31.12.2021	31.12.2022
Starfsleyfisskyldir eða starfa skv. sérlögum:						
Viðskiptabankar	4	4	4	4	4	4
Sparisjóðir	4	4	4	4	4	5
Lánafyrirtæki	5	5	5	4	3	4
Íbúðalánasjóður	1	1	0	0	0	0
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	0	0	0	0	0
Verðbréfafyrirtæki	9	9	9	9	9	8
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	10	9	9	9	6	6
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða ¹	0	0	0	16	19	23
Kauphallir	1	1	1	1	1	1
Verðbréfamiðstöðvar	2	2	2	1	1	1
Lífeyrissjóðir ²	22	21	21	21	21	21
Vátryggingafélög	11	11	11	11	10	4
Vátryggingamiðlanir	9	7	8	9	9	9
Innheimtuaðilar	7	8	8	9	8	8
Greiðslustofnanir	1	1	1	2	1	1
Rafeyrisfyrirtæki	0	0	1	1	2	2
Gjaldeyrisskiptastöðvar	1	1	1	1	1	0
Tryggingarsjóðir	2	1	1	1	1	1
Skráðir lánveitendur fasteignalána til neytenda	1	1	1	0	0	0
Þjónustuveitendur sýndareigna	0	1	1	3	3	3
Samtals	91	87	88	106	103	101
Aðrir aðilar háðir eftirliti:						
Verðbréfasjóðir	42	40	37	37	36	38
Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta ³	60	60	54	61	69	72
Aðrir sérhæfðir sjóðir ⁴	111	117	114	116	121	137
Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar ⁵	8	8	8	8	8	8
Útgefendur skráðra hlutabréfa	20	23	24	23	26	30
Útgefendur skráðra skuldabréfa	65	50	57	51	51	56
Skráðir lánveitendur og lánamiðlarar neytendalána ⁶	0	0	0	5	9	9
Eignarhaldsfélög ⁷	6	6	5	6	5	5
Fjármálasamsteypur ⁸	0	0	0	1	1	1
Fjármálafyrirtæki í slitameðferð	1	0	0	0	0	0
Alls	404	391	387	414	429	457

1 Þar af voru 9 leyfisskyldir rekstraraðilar, af þeim voru 6 einnig rekstrarfélög verðbréfasjóða, og 14 skráningarskyldir rekstraraðilar, þar af 1 verðbréfafyrirtæki.

2 Margir lífeyrissjóðir eru deildaskiptir. Deildirnar voru samtals 70 í lok árs 2022.

3 Áður fjárfestingarsjóðir.

4 Áður fagfjárfestingarsjóðir.

5 Viðskiptabankar og sparissjóðir. Lífeyrissjóðir og erlendir vörsluaðilar ekki meðtaldir.

6 Aðeins undir eftirliti skv. lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

7 Eignarhaldsfélög á fjármálasviði eða vátryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög.

8 Fjármálasamsteypur á fjármálasviði eða vátryggingasviði.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi við árslok 2022

Tafla 1 Fjöldi erlendra aðila sem hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi

Fjöldi í lok árs	2021	2022
Lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir án starfsstöðvar	236	248
Verðbréfasjóðir (UCITS (fjöldi deilda))	124 (1.347)	135 (1.353)
Verðbréfafyrirtæki með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	1 (1)	1 (1)
Verðbréfafyrirtæki án starfsstöðvar	581	605
Verðbréfamistöðvar með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	1 (1)	1 (1)
Verðbréfamistöðvar án starfsstöðvar	5	6
Vátryggingafélög með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	2 (1)	2 (1)
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	351	357
Vátryggingamiðlarar með starfsstöð (fjöldi starfsstöðva)	2 (2)	2 (2)
Vátryggingamiðlarar og -umboðsmenn án starfsstöðvar	2.837	2.863
Greiðslustofnanir með umboðsaðila (fjöldi umboðsaðila)	3 (5)	2 (3)
Rafeyrisfyrirtæki með dreifingaraðila (fjöldi dreifingaraðila)	0	0
Greiðslustofnanir og rafeyrisfyrirtæki án starfsstöðvar	332	384
Lánamiðlanir án starfsstöðvar	4	4
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða án starfsstöðvar	152	162
Fjöldi félaga sem skráð eru utan Evrópu og hafa heimild til að veita þjónustu á Íslandi á grundvelli íslenskra laga		
Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða (fjöldi sjóða)	30 (65)	42 (86)

Heimild: Seðlabanki Íslands.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT
2023